

Tilbrigði

í íslenskri setningagerð

II. Helstu niðurstöður

Tölfræðilegt yfirlit

Ritstjórar

Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2015

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú lektor við Háskólann á Akureyri: *asgrimur@unak.is*

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *asta@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: *einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *eirikur@hi.is*

Guðrún Þórðardóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *gudrut@ismennt.is*

Heimir Freyr Viðarsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: *hfv3@hi.is*

Hlíf Árnadóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hlifa@hi.is*

Höskuldur Þráinsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hoski@hi.is*

Jóhannes Gisli Jónsson, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *jj@hi.is*

Matthew J. Whelpton, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *whelpton@hi.is*

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands (Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefningu lauk)

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *siggasig@hi.is*

Sigrún Steingrímsdóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvenmaskólann í Reykjavík: *sigrumst@kvenmo.is*

Tania E. Strahan, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: *tania.strahan@gmail.com*

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *tat@hi.is*

Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *tolli@hi.is*

Þórunn Blöndal, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *thorumb@hi.is*

Efnisyfirlit

II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

Inngangur að II. bindi	
Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14
6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Vixlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 <i>Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal</i>	24
6.4.2 <i>Að búa til súlurit og línurit</i>	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)	
7.1 Athugunarefnið	33
7.1.1 <i>Þágufallshneigð</i>	33
7.1.2 <i>Nefnifallshneigð</i>	34
7.1.3 <i>Andlagsfall</i>	35
7.1.4 <i>Fallglötun og fallflutningur</i>	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	38
7.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	49
7.2.4 <i>Samantekt</i>	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	52
7.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	55
7.3.4 <i>Samantekt</i>	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	57
7.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	65
7.4.4 <i>Samantekt</i>	67

7.5	Fallglötun og fallflutningur	68
7.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	68
7.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	69
7.5.2.1	Aldur	69
7.5.2.2	Menntun	70
7.5.2.3	Kyn	71
7.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	71
7.5.4	<i>Samantekt</i>	72
7.6	Lokaorð	72
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	73
	Summary	75
8.	Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson)	
8.1	Athugunarefnið	77
8.1.0	<i>Imgangur</i>	77
8.1.1	<i>Leppsetningar og skyld dæmi</i>	78
8.1.2	<i>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</i>	80
8.1.3	<i>Nýja þolmyndin</i>	82
8.2	Leppsetningar og skyld dæmi	84
8.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	84
8.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	86
8.2.2.1	Aldur	86
8.2.2.2	Menntun	87
8.2.2.3	Kyn	89
8.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	90
8.2.4	<i>Samantekt</i>	90
8.3	Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar	91
8.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	91
8.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	93
8.3.2.1	Aldur	93
8.3.2.2	Menntun	94
8.3.2.3	Kyn	96
8.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	97
8.3.4	<i>Samantekt</i>	99
8.4	Nýja þolmyndin	99
8.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	99
8.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	102
8.4.2.1	Aldur	102
8.4.2.2	Menntun	106
8.4.2.3	Kyn	108
8.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	110
8.4.4	<i>Samantekt</i>	115
8.5	Lokaorð	116
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	117
	Summary	118
9.	Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)	
9.1	Athugunarefnið	121
9.1.0	<i>Imgangur</i>	121
9.1.1	<i>Vera að í íþróttamáli</i>	123
9.1.2	<i>Útvíkkun framvinduhorfs</i>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
9.2	Vera að í íþróttamáli	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
9.3	Útvíkkun framvinduhorfs	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
9.4	Um vera búinn að og hafa	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
9.5	Lokaorð	151
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	151
	Summary	152
10.	Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
10.1	Athugunarefni	155
10.1.0	Imngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
10.2	Almennt yfirlit	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
10.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
10.4	Tengsl við búsetu	172
10.5	Lokaorð	173
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	174
	Summary	175
11.	Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
11.1	Athugunarefni	177
11.1.0	Imngangur	177

11.1.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
11.1.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
11.1.3	<i>Tíðasamræmi</i>	181
11.2	Almennt yfirlit	182
11.2.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
11.2.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
11.2.3	<i>Tíðasamræmi</i>	188
11.2.4	<i>Samantekt</i>	189
11.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	190
11.3.1	<i>Aldur</i>	190
11.3.2	<i>Menntun</i>	193
11.3.3	<i>Kyn</i>	195
11.3.4	<i>Samantekt</i>	196
11.4	Tengsl við búsetu	197
11.5	Lokaorð	199
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	199
	Summary	200
12.	Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)	
12.1	Athugunarefni	203
12.1.0	<i>Inngangur</i>	203
12.1.1	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
12.1.2	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
12.1.3	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
12.1.4	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
12.2	Samræmi við nefnifallsandlag	209
12.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	209
12.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
	12.2.2.1 Aldur	211
	12.2.2.2 Menntun	213
	12.2.2.3 Kyn	214
12.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
12.2.4	<i>Samantekt</i>	215
12.3	Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu	216
12.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	216
12.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
	12.3.2.1 Aldur	218
	12.3.2.2 Menntun	218
	12.3.2.3 Kyn	219
12.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
12.3.4	<i>Samantekt</i>	220
12.4	Samræmi við hlutaeignarfall	221
12.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	221
12.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
	12.4.2.1 Aldur	222
	12.4.2.2 Menntun	222
	12.4.2.3 Kyn	223
12.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
12.4.4	<i>Samantekt</i>	224

12.5 Samræmismörk	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
12.6 Lokaorð	228
Rit sem vísað er til í þessum kafla	229
Summary	230
13. Eignarsambönd (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
13.1 Athugunarefni	233
13.1.1 <i>Staða eignarfor nafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfor nafn í tengdum liðum</i>	239
13.2 Staða eignarfor nafns og eignarfalls	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
13.3 Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
13.4 Ólafsfjarðareignarfallið	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarforanafn í tengdum liðum	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
13.7 Lokaorð	271
Rit sem vísað er til í þessum kafla	271
Summary	272
14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
14.1 Athugunarefni	275
14.1.0 <i>Inngangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppinnskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
14.2 Almenn yfirlit	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppinnskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
14.4 Tengsl við búsetu	292
14.5 Lokaorð	294
Rit sem vísað er til í þessum kafla	295
Summary	296
15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
15.1 Athugunarefni	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafnháttarsamböndum</i>	303
15.2 Brottfall og innskot tengingar	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
15.4	Innskots-að og staða sagnar	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
15.5	S2, S3 og þolfall með nafnhætti	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
15.6	Lokaorð	327
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	328
	Summary	329
16. Ýmislegt	(Höskuldur Bráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
16.1	Athugunarefni	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetinga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmis atriði tengd formöfnum og töluorðum</i>	337
16.2	Útkomuumsagnir	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
16.3	Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
16.4	Ósögð aukafallsfrumlög	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
16.5	Staða agna	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
16.6	Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
16.7	Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
16.8	Lokaorð	362
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	363
	Summary	364

16. Ýmislegt

Höskuldur Þránísson, Matthew J. Whelpton,
Jóhannes Gísli Jónsson

16.1 Athugunarefni

Í þessum síðasta kafla verður gerð grein fyrir helstu tölfræðiniðurstöðum um nokkur tiltölulega ótengd atriði sem komu við sögu í könnunum. Í sumum tilvikum var hér um að ræða atriði sem við höfðum rökstuddan grun um að myndu sýna tilbrigði af einhverju tagi, í öðrum var fremur um að ræða atriði sem voru könnuð með samanburð við önnur mál í huga, t.d. innan norræna samanburðarverkefnisins (*ScanDiaSyn*, sjá formála I. bindis). Eina ástæðan fyrir því að taka þessi efni fyrir í sama kaflanum er sú hversu takmarkaðar athuganirnar voru, þannig að þær standa ekki undir heilum kafla hver fyrir sig.

16.1.1 Útkomuumsagnir

Talsverðu þúðri var eytt á athugun á svonefndum **útkomuumsögnum** (e. *resultatives*, sjá 25. kafla). Lítum fyrst á einfalt dæmi til skýringar:

(16.1) Vésteinn málaði bílinn **eldrauðan**.

Í þessari setningu eru í raun tvær merkingarlegar umsagnir, þ.e. sögnin *mála* og lýsingarorðið *eldrauður*. Í hefðbundinni setningafræði væri *eldrauðan* greint sem **sagnfylling með andlagi** (sjá t.d. Höskuld Þránísson 2005:55 o.áfr.) en sagnfyllingar eru einmitt umsagnir í eðli sínu frá merkingarlegu sjónarmiði. Þegar skólanemendum er kennt að þekkja sagnfyllingu með andlagi er oft bent á að setningar af þessu tagi megi umorða á þessa leið:

(16.2) Vésteinn málaði bílinn svo að **hann varð eldrauður**.

Þetta getur verið ágæt þumalfingursregla þótt merkingin sé kannski ekki alveg nákvæmlega sú sama. Einkenni setninga á borð við (16.1) er þá það að fyrri umsögnin greinir yfirleitt frá einhverri athöfn sem hefur áhrif á andlagið og **útkoman** (e. *result*) er þá sú sem síðari umsögnin (oftast lýsingarorð eins og í (16.1)) lýsir. Þess vegna er stundum talað um útkomuumsagnir í þessu sambandi (sjá Whelpton 2010, 2012 og kafla 25 í þessu riti, með fjölmörgum tilvísunum). Eitt af því sem er áhugavert við þessa setningagerð er það að hún virðist ekki vera til í rómönskum málum en þekkest hins vegar í germönskum, þótt hún lúti þar mismunandi hömlum.

Ekki er vitað til þess að íslenskir málnotendur hafi neitt við dæmi eins og (16.1) að athuga. Hins vegar er auðvelt að búa til dæmi sem virðast í fljótu bragði sama eðlis en ekki er víst að allir sætti sig við:

(16.3) Ég frysti ísinn **glerharðan**.

Það virðast því vera einhverjar hömlur á því hvers eðlis umsagnirnar mega vera í dæmum af þessu tagi. Með það í huga voru þátttakendur í Könnun 2 látnir meta eftirtaldar setningar:

- (16.4) a. T2057 *Það er misjafnt hvernig Helena malar kaffið.*
Stundum **malar** hún kaffibaumirnar mjög **finar**.
- b. T2067 *Axel notar yfirleitt mikinn hvítlauk í mat.*
Hann **saxar** hvítlaukinn mjög **grófan** og steikir hann á pönnu.
- c. T2077 *Gummu finnst gott að borða grjónagraut með smjöri.*
Hún **hrærir** smjörklípuna **lína** og setur hana út í grautinn.
- d. T2087 *Jói bjó til is um daginn.*
Hann **frysti** ísinn svo **harðan** að við gátum ekki borðað hann.
- e. T2107 *Sigtryggur vann glímuna léttilega.*
Hann **skellti** Guðmundi **flötum** á fyrstu mínútunni.
- f. T2097 *Hitim fór niður fyrir frostmark í síðustu viku.*
Ísinn á vatninu **fraus** svo **harður** að börnin gátu farið á skauta.
- g. T2117 *Jónína slasaði sig um daginn.*
Hún **skall flöt** í hálkunni og lærbrotnaði.

Þessar setningar eru greinilega ekki allar jafneðlilegar og reyndar ekki allar sama eðlis þar sem síðari umsögnin (lýsingarorðið) lagar sig stundum að frumlagi og ekki andlagi (dæmi *f* og *g*), auk þess sem andlagið er í þágufalli í einu dæmi (e) en annars í þolfalli. Sagnirnar eru líka ólíkar frá merkingarlegu sjónarmiði og það gæti haft áhrif. Sagnirnar *mala* og *saxa* fela í sér einhvers konar umbreytingu á því sem fengist er við, sögnin *hræra* er kannski merkingarskyld en þó ekki alveg sama eðlis, og loks erum við með sagnapörin *skella* (áhrifssögn) – *skella* (áhrifslaus) og *frysta* (áhrifssögn) – *frjósa* (áhrifslaus). Ástæðan fyrir því að sagnirnar voru hafðar svona mismunandi er sú að hér var verið að kanna mörk og eðli þessarar setningagerðar, m.a. með hliðsjón af því að vitað var að hömlur á hliðstæðum setningagerðum í nágrannamálunum virðast ekki vera alveg eins. Þannig er (16.5) alveg eðlileg enska (sbr. (16.4a)):

(16.5) Sometimes she **grinds** the coffee beans very **fine**.

Samanburður við önnur mál, einkum ensku, kemur við sögu í 25. kafla. Hann snýst m.a. um það að lýsa muninum.

Í öllum dæmunum í (16.4) lagar lýsingarorðið sig að undanfarandi fallorði (andlagi eða frumlagi) en í sumum tilvikum virðist þó eðlilegra að nota óbeygt form af lýsingarorðinu, það er að segja *hk.et*. Það er þó ekki algilt:

- (16.6) a. Vésteinn málaði bílinn (*kk.et.þf.*) **eldrauðan** (*kk.et.þf.*)/
***eldrautt** (*hk.et.nf./þf.*).
b. Hann saxaði laukinn (*kk.et.þf.*) **?finan** (*kk.et.þf.*)/**fint** (*hk.et.nf./þf.*).

Með þetta í huga voru þátttakendur látnir velja á milli tveggja forma af lýsingarorði í sögubroti í Könnun 2. Þær setningar sem þar komu til álitu voru þessar:

- (16.7) *Að steikja læri í ofni*
a. Malaðu piparkornin **fin/fint** og nuddaðu piparnum inn í kjötið.
b. ... taktu síðan hvítlauk, saxaðu hann **grófan/gróft** ...
c. Taktu smjörklípu, hrærðu hana **lína/lint** ...

Í næstu undirköflum verður gefið yfirlit yfir það hvernig þátttakendur mátu þau dæmi sem hér var lýst eða hvaða kosti þeir völdu þegar því var að skipta.

16.1.2 *Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði*

Nafnhættir koma fyrir í margs konar samböndum í íslensku og öðrum málum, eins og kunnugt er. Stundum virðast svipaðar reglur gilda um tiltekin nafnháttarsambönd í skyldum málum en í öðrum tilvikum síður eða ekki. Lítum á dæmi:

- (16.8) a. Lilja er góð að tefla.
b. *Ólafur er auðveldur að elska.

Hér virðist *a*-dæmið alveg eðlilegt en *b*-dæmið ekki. Þessu er öfugt farið í ensku:

- (16.9) a. *Lillian is good to play chess.
b. Omar is easy to love.

Þótt nafnhættirnir í undanfarandi dæmum virðist í einhverjum skilningi standa með undanfarandi lýsingarorðum er formgerðin þó ólík. Í *b*-dæmunum er nefnilega eyða fyrir andlagið, sbr. að (16.9b) hefur svipaða merkingu og (16.10):

- (16.10) It is easy [to love Omar]

Munurinn á (16.10) og (16.9b) er þá sá að andlagið *Omar* í (16.10) hefur í (16.9b) komið í stað hins merkingarlausu frumlags *it* og sæti andlagsins er autt. Þessu má þá lýsa líkt og gert er í (16.11):

- (16.11) Omar is easy [to love ___]

Dæmið í (16.8b) ætti þá að hafa svipaða formgerð, en það virðist ótæk setning.

En þótt (16.8b) virðist ótæk setning má þó finna svipuð dæmi sem virðast mun betri (sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:424):

- (16.12) Sigurður var erfiður [að búa með ___]

Hér virðist líka vera eyða í nafnhættinum og setningin merkir svipað og (16.13):

- (16.13) Það var erfitt [að búa með Sigurði]

Í þeim skilningi má lýsa formgerð (16.12) á þann hátt að þar hafi andlagi forsetningarinnar með verið „lyft“ upp í frumlagssætið (þ.e. sætið sem *það* vermir í (16.13)), enda lagar lýsingarorðið *erfiður* sig þá að því frumlagi en á eftir forsetningunni með í nafnháttarsambandinu er samsvarandi eyða.

Í Könnun 3 voru þátttakendur látnir meta nokkrar setningar af þessu tagi. Dæmin eru sýnd í (16.14). Nafnháttarsamböndin eru afmörkuð með hornklofum til glöggvunar og eyðurnar í þeim auðkenndar með __, en engin slík tákni voru höfð á matsblöðunum:

- (16.14) a. T3036 *Húsgögnin eru með nýrri tegund af áklæði.*
Þess vegna eru stólarnir mjög **auðveldir** [að þrifa ___]
b. T3086 *Ég tek alltaf nokkrar glæpasögur með í sumarfríið.*
Þær eru svo **auðveldar** [að lesa ___]
c. T3058 *Sumar konur vilja helst búa einar.*
Þær segja að karlar séu svo **erfiðir** [að búa með ___]

- d. T3110 *Ég hugsa að Edda tapi fyrir Jóhannesi.*
Hann er mjög **erfiður** [að tefla við __]

Eins og hér kemur fram eru eyðurnar í nafnháttarsambandinu ýmist á eftir áhrifssögn (*brífa, lesa*) eða forsetningu (*með, við*). Lýsingarorðin sem nafnhættirnir standa með eru svo ýmist *auðveldur* eða *erfiður*. Ástæðan er sú að það eru einmitt lýsingarorð á þessu merkingarsviði sem ganga best með nafnháttarsamböndum af þessari gerð, enda hefur þessi setningagerð stundum verið kölluð *Tough Movement* á ensku.

16.1.3 Ósögð aukafallsfrumlög

Óhætt er að fullyrða að svokölluð **aukafallsfrumlög** séu meðal þeirra fyrirbæra í íslenskrri setningagerð sem mesta athygli hafa fengið. Nokkur dæmi um slík frumlög má sjá í (16.15):

- (16.15) a. **Henni** liður vel.
b. **Honum** finnst gaman að læra.
c. **Þeim** var kastað út.

Sýnt hefur verið fram á það með margvíslegum prófum að liðir af þessu tagi hafa einkenni frumlags en ekki t.d. andlags sem hefur verið fært fremst í setninguna með kjarnafærslu. Einfaldast er að skoða hvernig þessir liðir hegða sér við myndun beinna spurninga (*já-/nei*-spurninga). Í slíkum setningum fara þeir næst á eftir persónubeygðu sögninni eins og önnur frumlög:

- (16.16) a. Staðhæfingar: **Henni** liður vel. **Hún** er ánægð.
Spurningar: Liður **henni** vel? Er **hún** ánægð?
b. Staðhæfingar: **Þeim** var kastað út. **Þeir** voru fluttir út.
Spurningar: Var **þeim** kastað út? Voru **þeir** fluttir út?

Hér sjáum við að aukafallsfrumlögin í fremri dálknum hegða sér alveg eins og nefnifallsfrumlögin í þeim aftari. Sama er að segja um (nánast) öll frumlagspróf sem setningafræðingar hafa þróað á undanförunum áratugum (sjá frekari umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:268 o.áfr. og í ritum sem þar er vísað til). Helsta undantekningin er sú að persónubeygd sögn lagar sig aldrei að aukafallsfrumlagi í persónu eða tölu, aðeins nefnifallsfrumlagi (eða nefnifallsandlagi, sbr. umræðu í 12. kafla og 27. kafla).

Eitt einkenni frumlags er að það má oft „láta ósagt“ í nafnháttarsamböndum. Það er m.ö.o mjög algengt að nafnhættir sagna hafi ekkert sýnilegt (eða heyranlegt) frumlag þótt þeir séu túlkaðir eins og þeir hafi tiltekið frumlag. Þetta kemur fram í dæmum eins og þessum:

- (16.17) a. Haraldur skipaði Ólafi [að __ fara heim]
b. Haraldur hótaði Ólafi [að __ fara heim]
c. Þeir voru hræddir um [að __ verða skammaðir]

Þótt nafnhættirnir í þessum dæmum liti alveg eins út á yfirborðinu eru þeir túlkaðir á mismunandi vegu. Í *a*-dæminu er það *Ólafur* (þ.e. andlagið í aðalsetningunni) sem á að fara heim en í *b*-dæminu *Haraldur* (þ.e. frumlagið í aðalsetningunni). Þessu er oft lýst með því að segja að nafnhættir af þessu tagi hafi ósagt frumlag. Í *a*-dæminu er þetta

ósagða frumlag þá samvísandi við andlagið *Ólafi* en í *b*-dæminu við frumlagið *Haraldur*. Síðan er *c*-dæmið hliðstætt *b*-dæminu að þessu leyti, þ.e. ósagða frumlagið í nafnhættinum á við frumlagið *þeir* í aðalsetningunni, sbr. að þar mætti hafa skýringarsetningu með frumlaginu *þeir* í stað nafnháttarins: *Þeir voru hræddir um [að þeir yrðu skammaðir]*.

Miðað við það sem áður var sagt mætti nú búast við því að það mætti eins láta aukafallsfrumlög ósögð í nafnháttarsamböndum og nefnifallsfrumlög. Þetta er þó ekki alveg ótvírætt. Þannig finnst sumum *b*-dæmið í (16.18) ekki eins eðlilegt og (16.17c):

- (16.18) a. Þeir voru hræddir um [að **þeim** yrði kastað út]
 b. Þeir voru hræddir um [að __ verða kastað út]

Mat málnotenda á dæmum á borð við (16.18b) hefur þó ekki verið kannað mjög ítarlega fyrr en í Könnun 2. Þar voru málnotendur nefnilega beðnir að meta eftirtalдар setningar:

- (16.19) a. T2039 *Strákarnir voru með læti á ballinu.*
 Þeir voru hræddir um [að __ **verða** öllum kastað út]
 b. T2009 *Starfsmennirnir lærðu slökunaræfingar á námskeiðinu.*
 Nú getur Ósk hlakkað til [að __ **líða** betur á morgun]
 c. T2029 *Það er ljótt að vera vondur við dýr.*
 Öll dýr eiga rétt á því [að __ **líða** vel]
 d. T2019 *Sjöfn er mjög ósjálfstæð gagnvart félögum sínum.*
 Hún þorir ekki [að __ **finnast** gaman að læra]

Eins og sjá má eru þessi dæmi ekki alveg nákvæmlega eins að gerð. Í tveim þeim fyrstu fer nafnhátturinn á eftir forsetningu, í því þriðja fer forafni, sem ber fallið, á milli forsetningarinnar og nafnháttarins og í því fjórða er síðan stýrisögn (*þora*) sem tekur nafnháttinn með sér sem andlag. Auk þessa eru nafnháttarsamböndin sjálf talsvert mismunandi að gerð. Mati þátttakenda á þessum dæmum verður lýst í undirköflum hér á eftir og fyrirfram mætti búast við verulegum tilbrigðum í dómunum vegna þess hve ólíkar setningarnar eru. En niðurstöður um dæmin eru líka áhugaverðar frá fræðilegu sjónarmiði þar sem þetta atriði (frumlagseyða fyrir aukafallsfrumlög) er oft rætt í tengslum við eðli aukafallsfrumlaga, bæði almennt og í íslensku sérstaklega (sjá t.d. Zaenen, Maling og Höskuld Þráinsson 1985, Halldór Ármann Sigurðsson 1991, 2004, Eirík Rögnvaldsson 1997, Þórhall Eyþórsson og Jóhönnu Barðdal 2005 og rit sem vísað er til í þessum heimildum). Í þessum skrifum hefur m.a. verið deilt um það hvort eyður af þessu tagi séu síður tækar í þýsku en í íslensku og hvort það merki þá að aukafallsfrumlög séu ekki til í þýsku.

16.1.4 Staða agna

Svokallaðar **agnir** eða sagnaragnir eru smáorð sem eru nátengd sögnum. Megineinkenni sagnaragna sem standa með áhrifssögnum í íslensku er það að þær geta ekki staðið á undan áherslulausu forafni sem er andlag áhrifssagnarinnar en yfirleitt geta þær ýmist staðið á undan eða á eftir annars konar andlagi. Þetta er sýnt í (16.20) (sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:134–135):

- (16.20) a. Hann hefur sett **út** tvistinn/tvistinn **út**.
 b. Hann hefur sett ***út** hann/hann **út**.

Ýmis atriði virðast geta haft áhrif á það hvort sagnaragnir fara frekar á undan eða eftir andlagi þeirrar sagnar sem þær tengjast. Þess vegna var ákveðið að láta þátttakendur í Könnun 1 dæma tvær setningar með sagnarögnum og auk þess voru þátttakendur í Könnun 3 látnir velja á milli kosta þar sem annar kosturinn var að hafa ögnina á eftir andlaginu og hinn að hún væri á undan. Dæmin sjást í (16.21):

- (16.21) a. T1071 *Krakkarnir voru ofsalega spenntir.*
Þeir heimtuðu að taka **upp jólapakkana** fyrir kvöldmat.
- b. T1076 *Kosningaherferðin var á enda.*
Þá tóku menn **veggspjöldin niður**.
- c. TK3.1 *Börnin áttu erfitt með að biða á aðfangadagskvöld.*
Þau fengu ekki að taka **pakkana upp/upp pakkana** fyrir en eftir matinn.

Í næstu undirköflum sjáum við hvernig þátttakendur mátu þessar setningar.

16.1.5 Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun

Í íslensku og ýmsum öðrum málum er oft hægt að færa forsetningarliði fremst í setningu, en stundum er einnig hægt að skilja forsetninguna eftir og færa nafnliðinn sem hún á við. Þessir kostir eru sýndir í (16.22), þar sem __ táknar eins og áður þá eyðu sem færðu liðirnir skilja eftir sig (sjá Höskuld Bráinsson 2005:121–123):

- (16.22) a. Ég hef aldrei talað [við þennan mann]
b. [**Við þennan mann**] hef ég aldrei talað __.
c. **Þennan mann** hef ég aldrei talað [**við** __]

Þegar forsetningin er flutt með nafnliðnum er það nefnd **lokkun** (eða **smölun**, e. *pied piping*) — hugmyndin er þá sú að verið sé að **lokka** forsetninguna til að koma með (eða **smala** henni með). Sé forsetningin skilin eftir er það kallað **strand** (eða **forsetningarstrand**, e. *preposition stranding*). Það hefur ekki verið rannsakað mikið í íslensku fyrr en nú á allra síðustu árum (sjá Jóhannes Gísli Jónsson 2008, Gísli Rúnar Harðarson 2010, Brynhildi Stefánsdóttur 2011, sbr. líka Delsing 1995, 2003). Þær athuganir benda til þess að setningagerðin hafi ekki verið til í fornu máli, en í nútímamáli séu hömlur á henni svipaðar og í ensku. Þar skiptir gerð setningarinnar máli og jafnvel gerð sjálfs forsetningarliðarins.¹

Nú hafa ýmsir tekið eftir því að í töluðu máli kemur stundum fyrir að forsetningarliðurinn sé fluttur í heilu lagi eins og í (16.22b) en forsetningin þó endurtekin á sínum stað. (16.23) væri dæmi um þetta:

- (16.23) **Við** þennan mann hef ég aldrei talað **við** __.

Það er auðvitað hugsanlegt að dæmi af þessu tagi eigi að flokkast sem mismæli, en þó er vitað að svipuð **tvöföldun** (e. *doubling*) kemur fyrir í ýmsum málum (sjá líka Jóhannes Gísli Jónsson 2008). Okkur þótti því forvitnilegt að kanna hvernig

¹ Delsing (2003) heldur því reyndar fram að forsetningarstrand gangi yfirleitt ekki í tungumálum sem hafi „virkt fall“ (e. *syntactically active case*). Það merkir þá að fall í íslensku verður að teljast „óvirkt“, eins og Delsing bendir sjálfur á, hvernig sem á því stendur eða hvað það merkir í smáatriðum.

Þátttakendur mætu dæmi af þessu tagi. Þær setningar sem voru skoðaðar eru taldar upp í (16.24). Eins og sjá má fela þær ýmist í sér tvöföldun, strand eða lokkun:²

- (16.24) a. T2049 *Gylfi er alltaf að skipta um félag.*
Ég man ekki lengur **með** hvaða félagi hann spilar **með**.
- b. T2059 *Það er alltaf fjör í vinnunni hjá Birni.*
Það væri gaman að vita hverjum hann vinnur **með**.
- c. T2069 *Sigrún leigir núna með Nömmu.*
Ég man ekki **með** hverjum hún leigði í fyrra.
- d. T2079 *Svakalega var Ragnheiður fin í kvöld.*
Í þessum kjól hefur hún aldrei áður verið í.
- e. T2099 *Nemendurnir voru mjög ánægðir.*
Svona skemmtilegum tímum höfðu þeir aldrei verið í.
- f. T2089 *Þórhallur á bæði grá og blá jakkaföt.*
Í bláu fötunum er hann bara á jólnunum.
- g. N0612 *Nú eru prófin búin.*
Fyrir hvaða próf lærðirðu mest **fyrir**?
- h. V3.1 **Með** hvaða liði halda strákarnir **með**?
- i. V3.3 Þessum bóndabæ hafa myndir **af** vakið mikla athygli.

Þau sex dæmi sem voru til athugunar í Könnun 2 mynduðu tvo þriggja dæma hópa. Í fyrri hópnum var forsetningin *með* til skoðunar og þar erum við með dæmi um tvöföldun (*a*-dæmið), síðan dæmi með strandi (*b*-dæmið) og loks þar sem forsetningin hefur verið færð (eða „lokkuð“) með nafnliðnum (spurnarorðinu, þ.e. *c*-gerðin). Síðan koma samsvarandi dæmi með forsetningunni *í* (*d*, *e* og *f*). Munurinn á þessum tveim hópum er svo sá að í öðru tilvikinu fer færslan fram innan spurnaruketningar (dæmi *a*, *b*, *c*), í hinu er um að ræða kjarnafærslu í aðalsetningu (dæmi *d*, *e*, *f*). Síðan kemur eitt dæmi úr Námsmatsstofnunarkönnun frá 2006 (*g*-dæmið) og þar er tvöföldun forsetningar. Loks eru tvö dæmi sem spurt var um í viðtölum. Það fyrra (*h*) felur í sér tvöföldun en í því seinna er verið að kjarnafæra nafnlið (*þessum bóndabæ*) út úr forsetningarlið sem er hluti af nafnlið og láta forsetninguna verða strandaglop þar ([_{NL} myndir [_{FL} af __]]). Miðað við þær hömlur sem gilda t.d. um forsetningarstrand í ensku, svo og máltilfinningu rannsakenda, var búist við því fyrirfram að slík setning fengi ekki miklar undirtektir. Gerð verður grein fyrir meginlínunum í niðurstöðunum um þessi dæmi hér á eftir (sjá líka Jóhannes Gísli Jónsson 2008).

16.1.6 Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum

Loks var litið á nokkur atriði sem má tengja fornöfnum. Í fyrsta lagi var skoðað hvernig þátttakendur í Könnun 3 mætu ýmsar setningagerðir með orðunum *sinn* og *hvor* eða samsetningum með þeim. Dæmin eru í (16.25):

- (16.25) a. T3013 *Óli og Lovisa hljóta að vera forrik.*
Þau keyptu **sitthvora** þyrluna í sumar.
- b. T3029 *Ari gekk frá nestinu og fór með það út í bil.*
Hann setti eplin og appelsínurnar í **sinnhvorn** pokann.

² Eins og áður merkir N að setningin hafi verið prófuð að loknum samræmdum prófum 10. bekkjar í samvinnu við Námsmatsstofnun. V merkir að hugað hafi verið að þessu í viðtölum.

- c. ÞK3.3 *Ég held að Jóa og Sigu komi ekki vel saman.*
Þau koma alltaf á **sitthvorum bílnum/á sínhvorum bílnum/**
hvort á sínum bílnum/sitt á hvorum bílnum í vinnuna.

Í forkönnun sem var gerð áður en Tilbrigðaverkefnið hófst kom í ljós að málnotendur eru ekki á eitt sáttir um meðferð fornafla af þessu tagi. Hins vegar hefur jafnan verið litið svo á að *sinn ... hvor* og *hvor ... sinn* séu hinar hefðbundnu myndir og orðmyndirnar *sitthvor*, *sinnhver* og *sínhver* (og samsvarandi orðmyndir með *-hver*) er ekki að finna í *Íslenskri orðabók* fyrir en í þriðju útgáfu (2002, þær fyrri komu 1963 og 1983). Þar segir (bls. 1279) að þetta orðalag sé „stundum notað“ í sömu merkingu og samsetningar með *sinn* og *hvor* (eða *hver*). Vegna þessa þótti áhugavert að skoða hvernig þátttakendur mætu þau dæmi sem hér voru sýnd eða hver þeim litist best á.

Svipað má segja um verkaskiptingu töluorða og partöluorða á borð við *tveir* og *tvennir*. Þess vegna var ákveðið að leyfa þátttakendum í Könnun 3 að velja á milli tveggja kosta í eftirfarandi dæmum:

- (16.26) a. TK3.5 *Jói er nýkominn úr verslunarferð til Glasgow.*
Hann keypti sér meðal annars **tvær/tvennar** buxur.
b. TK3.8 *Jóna gerði góð kaup á útsöluinni.*
Hún keypti **tvær/tvennar** peysur.

Eins og margir lesendur vita eru orð eins og *tvennir* einkum notuð um einhvers konar pör eða með orðum sem eru bara til í fleirtölu — eða þannig hafa þau verið notuð (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:102–104). Í næstu undirköflum munum við sjá hvort tilfinning málnotenda almennt er í samræmi við þessa lýsingu.

Loks má nefna að í viðtölunum var tekið með eitt dæmi um svokölluð **neikvæðisorð** (e. *negative polarity items*). Með því er átt við orð sem aðeins koma fyrir í neikvæðu eða neitandi samhengi. Þetta má skýra með dæmum (neitunin undirstrikuð og neikvæðisorðið feitletrað, sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 2005:446–451):

- (16.27) a. Ég hef ekki **neinu** að leyna.
b. *Ég hef **neinu** að leyna.
c. Hún gerir aldrei **neitt**.
d. *Hún gerir **neitt**.

Hér er greinilegt að neitunin *ekki* og neitandi orðið *aldrei* duga ágætlega til þess að skapa neikvætt umhverfi fyrir neikvæðisorðið *neim*. Stundum dugir þó að hafa orð sem ekki fela í sér eins afdráttarlausa neitun, en það getur þó verið matsatriði hversu vel þau duga. Þess vegna var leitað eftir dómum um eftirfarandi setningu í viðtölum:

- (16.28) V3.6 Fáir fundarmanna vissu **neitt** um þetta mál.

Þar með lýkur upptalningu á þeim atriðum sem sagt verður frá í þessum kafla.

16.2 Útkomuumsagnir

16.2.1 Almennt yfirlit

Tafla 16.1 sýnir heildarmat þátttakenda á þeim setningum sem voru metnar í Könnun 2 í tengslum við útkomuumsagnir:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2057	Stundum malar hún kaffibaunirnar mjög finar .	53,7	19,3	27,0	100	751
b. T2067	Hann saxar hvítlaukinn mjög grófan og steikir hann á pönnu.	58,5	18,3	23,2	100	749
c. T2077	Hún hrærir smjörklípuna lina og setur hana út í grautinn.	66,6	20,2	13,2	100	749
d. T2087	Hann frysti ísinn svo harðan að við gátum ekki borðað hann.	32,9	27,8	39,3	100	751
e. T2107	Hann skelli Guðmundi flötum á fyrstu mínúttunni.	80,1	11,5	8,4	100	752
f. T2097	Ísinn á vatninu fraus svo harður að börnin gátu farið á skauta.	16,0	24,6	59,4	100	751
g. T2117	Hún skall flöt í hálkunni og lærbrotnaði.	72,9	15,2	11,9	100	750

Tafla 16.1: *Mat á dæmum tengdum útkomuumsögnum.*

Hér má sjá að þessar setningar fá talsvert misjafna dóma. Dæmið með *skella* og þágufallsandlagi (*e*-dæmið) fær langbesta dóma og næstbesta dóma fær dæmið með samsvarandi áhrifslausri sögn þar sem lýsingarorðið lagar sig að frumlaginu (*g*-dæmið). Af setningum með þolfallsandlagi fær dæmið með *frysta* sísta dóma og dæmið með samsvarandi áhrifslausri sögn, *frjósa*, fær verstu dómanna. Að öðru leyti samþykkir meirihluti þátttakenda setningar með útkomuumsögnum og andlagi í þolfalli. Sagnirnar *mala* og *saxa* fá svipaða dóma en *hræra* heldur betri. Athygli vekur þó að talsvert stór hluti þátttakenda telur dæmin vafasöm. Í næstu undirköflum verður athugað hvort þessi mismunandi afstaða málnotenda tengist einhverjum félagslegum breytum.

Til viðbótar við mat á einstökum setningum gafst þátttakendum líka færi á að velja á milli tveggja kosta í þrem tilvikum, þ.e. hvort þeir vildu fremur setningagerð þar sem lýsingarorðið lagar sig að undanfarandi fallorði, eins og í öllum dæmunum í *töflu 16.1*, eða hvort þeir veldu frekar óbeygt form af lýsingarorðinu. Heildarniðurstöður úr þessu vali eru sýndar í *töflu 16.2*:

Setning	hvort			=	N
	beygt	óbeygt	tveggja		
	fin	fint	hvort tv.		
a. Malaðu piparkornin fin/fint og nuddaðu ...	16,0	81,3	2,7	100	743
	grófan	gróft	hvort tv.		
b. taktu ... hvítlauk, saxaðu hann grófan/gróft ...	23,1	72,6	4,3	100	744
	lina	lint	hvort tv.		
c. Taktu smjörklípu, hræðu hana lina/lint ...	88,6	9,6	1,8	100	738

Tafla 16.2: *Val milli beygðra og óbeygðra mynda.*

Hér kemur nokkuð skýr mynd fram: Með sögnunum *mala* og *saxa* velja þátttakendur óbeygðu myndina (*fint*, *gróft*, þ.e. ekkert samræmi við undanfarandi andlag) en með *hræra* er þetta alveg öfugt (*lina*, þ.e. samræmi við andlagið). Mjög fáir segjast geta notað hvorn kostinn sem er.

16.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

16.2.2.1 Aldur

Sá mikli breytileiki sem fram kom í *töflu 16.1* gæti endurspeglað kynslóðamun. Í *töflu 16.3* kemur fram hvort þetta er rétt. Þar er sýnt hlutfall (prósentutala) þeirra sem töldu viðkomandi setningar eðlilegt mál í hverjum aldursflokki fyrir sig (merktu við *já* á spurningalistanum), ásamt fylgnistuðli (*r*) og marktækni (*p*-gildi):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2057	Stundum malar hún kaffibaunirnar mjög finar .	55,6	58,4	51,3	48,1	.074	.042
b. T2067	Hann saxar hvítlaukinn mjög grófan og steikir hann á pönnu.	69,7	56,2	49,7	58,2	.097	.008
c. T2077	Hún hrærir smjörklípuna lina og setur hana út í grautinn.	53,8	67,5	70,8	76,3	-.184	.000
d. T2087	Hann frysti ísinn svo harðan að við gátum ekki borðað hann.	52,6	29,6	20,0	28,7	.134	.000
e. T2107	Hann skellti Guðmundi flötum á fyrstu mínútunni.	59,0	77,8	94,9	90,6	-.328	.000
f. T2097	Ísinn á vatninu fraus svo harður að börnin gátu farið á skauta.	30,6	13,9	9,7	8,2	.174	.000
g. T2117	Hún skall flöt í hálkunni og lærbrotnaði.	59,5	71,4	80,9	81,6	-.194	.000

Tafla 16.3: *Jákvætt mat á dæmum með útkomuumsögnum og skyldum setningum, flokkað eftir aldurshópum.*

Sú mynd sem *tafla 16.3* sýnir er nokkuð flókin og jafnvel ruglingsleg við fyrstu sýn: Sumar setningar fá besta dóma hjá þeim yngstu, aðrar hjá þeim elstu og enn aðrar hjá öðrum hvorum af miðhópunum. Fylgnistuðlarnir sýna þetta líka á þann hátt að fylgnin er ýmist jákvæð (= yngri hópar jákvæðari) eða neikvæð (= eldri hópar jákvæðari). Fylgni við aldur er hvergi mjög sterk, reyndar sterkust í dæminu með þágufallsandlaginu (*e*-dæmið) og þar er hún neikvæð (= þeir eldri voru hrifnari af þessari setningu en þeir yngri). Fylgnin er marktæk við $p \leq 0,01$ markið (reyndar er $p < 0,001$) í öllum tilvikum nema einu, enda fjöldi þátttakenda mikill.

Þessar niðurstöður sýna þá að því er ekki þannig farið að mat á útkomuumsögnum og skyldum setningagerðum almenn sé nátengt aldri heldur fer það að verulegu leyti eftir því hvaða sagnir eiga í hlut. Spurningin er hvernig á því stendur eða hvaða merkingaratriði skipta þarna máli. Það verður rætt nánar í 25. kafla (sjá líka Whelpton 2010, 2012).

Vegna þess að óvenjulega hátt hlutfall þátttakenda telur setningarnar vafasamar en hvorki alveg eðlilegar né ótækar (merkja við ? í spurningalistanum) er forvitnilegt að skoða hvort það eru frekar þátttakendur úr tilteknum aldursflokki sem dæma setningarnar á þennan hátt. *Tafla 16.4* sýnir þetta:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. T2057	Stundum malar hún kaffibaunirnar mjög finar .	20,9	17,8	18,5	20,3
b. T2067	Hann saxar hvítlaukinn mjög grófan og steikir hann á pönnu.	14,9	15,8	24,4	18,4
c. T2077	Hún hrævir smjörklípuna lina og setur hana út í grautinn.	22,1	19,7	22,1	16,0
d. T2087	Hann frysti ísinn svo harðan að við gátum ekki borðað hann.	17,9	23,2	36,4	35,7
e. T2107	Hann skellti Guðmundi flötum á fyrstu mínúttunni.	21,0	12,8	3,1	8,8
f. T2097	Ísinn á vatninu fraus svo harður að börnin gátu farið á skauta.	23,5	23,3	24,6	27,8
g. T2117	Hún skall flöt í hálkunni og lærbrotnaði.	20,5	16,7	13,4	8,9

Tafla 16.4: *Hlutfall þeirra sem telja dæmi með útkomuumsögnum og skyldum setningum vafasöm, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér sker dæmaparið með *skella* (*e* = áhrifssögn, *g* = áhrifslaus sögn) svolítið úr. Þar er hlutfall þeirra sem telja setninguna *vafasama* hæst í yngsta flokknum. Í öðrum tilvikum er þetta dálítið sitt á hvað og erfitt að sjá skýrar línur. Þetta kann að benda til þess að *skella e-m flötum* og *skella flatur* sé orðalag sem er unglíngum ekki mjög tamt.

16.2.2.2 Menntun

Í *töflu 16.5* er sýnt að hvaða marki menntun hefur áhrif á mat þátttakenda á þeim setningum sem hér eru á dagskrá. Til þess að losna við truflandi áhrif aldurs á niðurstöðurnar hefur yngsta aldurshópnum verið sleppt úr hér (yngstu þátttakendurnir, þ.e. nemendur í 9. bekk, hafa ekki haft tækifæri til þess að mennta sig og eru þess vegna óhjákvæmilega í neðsta menntunarflokknum):

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2057	Stundum malar hún kaffibaunirnar mjög finar .	59,5	51,4	42,9	469	.137	.003
b. T2067	Hann saxar hvítlaukinn mjög grófan og steikir hann á pönnu.	63,4	51,2	41,8	470	.170	.000
c. T2077	Hún hrævir smjörklípuna lina og setur hana út í grautinn.	74,8	68,7	72,5	471	.029	.531
d. T2087	Hann frysti ísinn svo harðan að við gátum ekki borðað hann.	27,1	26,0	24,4	469	.049	.293
e. T2107	Hann skellti Guðmundi flötum á fyrstu mínúttunni.	84,7	89,2	84,4	471	-.001	.991
f. T2097	Ísinn á vatninu fraus svo harður að börnin gátu farið á skauta.	12,3	12,1	6,6	469	.080	.085
g. T2117	Hún skall flöt í hálkunni og lærbrotnaði.	79,4	73,6	83,3	471	-.018	.700

Tafla 16.5: *Jákvætt mat á dæmum með útkomuumsögnum og skyldum setningum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er hvergi sterk fylgni við menntun, en hún er þó tölfræðilega marktæk þegar tvær fyrstu sagnir eiga í hlut, þ.e. *mala* og *saxa* (því lægri menntun, því jákvæðari dómar). Það er ekki ljóst hvernig stendur á þessu, sbr. líka að fylgnin við aldur var með ýmsu móti (sjá *töflu 16.3*). Þetta kallar á skýringar.

16.2.2.3 Kyn

Loks má skoða hvort einhver fylgni er milli kyns þátttakenda og dóma þeirra um þessa gerð af setningum. Það má sjá í *töflu 16.6*:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2057	Stundum malar hún kaffibaunirnar mjög finar .	51,6	55,6	751	-.056	.125
b. T2067	Hann saxar hvítlaukinn mjög grófan og steikir hann á pönnu.	56,7	60,2	749	-.026	.472
c. T2077	Hún hrærir smjörklípuna lína og setur hana út í grautinn.	65,9	67,3	749	-.012	.746
d. T2087	Hann frysti ísinn svo harðan að við gátum ekki borðað hann.	36,7	29,3	751	.053	.149
e. T2107	Hann skellti Guðmundi flötum á fyrstu mínútunni.	83,1	77,2	752	.069	.059
f. T2097	Ísinn á vatninu fraus svo harður að börnin gátu farið á skauta.	15,1	16,8	751	-.043	.234
g. T2117	Hún skall flöt í hálkunni og lærbrotnaði.	71,0	74,7	750	-.047	.200

Tafla 16.6: *Jákvætt mat á dæmum með útkomuumsögnum og skyldum setningum, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er skemmst frá því að segja að fylgni dóma við kyn er nánast engin og hvergi tölfræðilega marktæk.

16.2.3 Tengsl við búsetu

Í töflu 16.7 er sýnt hlutfall jákvæðra dóma um dæmasetningarnar, flokkað eftir landshlutum.

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2057	Stundum malar hún kaffibaunirnar mjög fínar .	44,4	56,2	55,6	51,3	52,6	60,5	59,6	50,5
b. T2067	Hann saxar hvítlaukinn mjög grófan og steikir hann á pönnu.	53,1	58,1	61,0	57,9	51,9	69,5	68,4	53,3
c. T2077	Hún hrærir smjörklípuna lina og setur hana út í grautinn.	65,4	64,4	67,5	69,2	64,4	67,9	64,9	68,8
d. T2087	Hann frysti ísinn svo harðan að við gátum ekki borðað hann.	27,2	41,1	39,4	23,1	27,4	35,4	38,9	31,2
e. T2107	Hann skellti Guðmundi flötum á fyrstu mínútunni.	70,9	74,0	85,2	83,3	80,7	80,5	80,7	79,6
f. T2097	Ísinn á vatninu fraus svo harður að börnin gátu farið á skauta.	15,0	25,0	18,7	11,5	12,6	16,0	19,3	11,8
g. T2117	Hún skall flöt í hálkunni og lærbrotnaði.	71,6	65,8	75,3	73,1	73,1	79,0	70,2	71,7

Tafla 16.7: *Jákvætt mat á dæmum með útkomuumsögnum og skyldum setningum, flokkað eftir landshlutum.*

Það er erfitt að sjá skýra mynd út úr þessu þótt í sumum tilvikum sé talsverður munur á landshlutunum. Miðað við kí-kvaðratprófið er þessi munur reyndar tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið fyrir b -dæmið (p -gildi = 0,004) en það er dálítið erfitt að átta sig á því hvað það getur merkt. Hér eru frelsisgráðurnar 14 og þá er vengigildið 29,14 fyrir $p = 0,01$. Fyrir b -dæmið er kí-kvaðratgildið 32,29.

16.2.4 Samantekt

Meginniðurstöðu þessa undirkafla má þá e.t.v. draga saman á þessa leið:

- Þau dæmi sem hér hafa verið skoðuð eru innbyrðis ólík og fá talsvert misjafna dóma (sjá *töflur 16.1* og *16.2*). Nauðsynlegt er að flokka þau nánar frá merkingarlegu sjónarmiði.
- Sum þeirra dæma sem fá frekar neikvæða dóma hér eiga sér samsvaranir sem virðast alveg eðlilegt mál í ýmsum nágrannamálum. Það væri áhugavert að gera nánari samanburð á þessu og athuga hverju hann tengist (sjá líka grein eftir Matthew Whelpton 2010).
- Í sumum tilvikum virðist vera munur á dómum ólíkra aldurshópa en í öðrum tilvikum er hann litill eða enginn (*tafla 16.3*). Þetta kallar á skýringar.
- Í tveim tilvikum af sjö má finna marktæk tengsl milli dóma þátttakenda og menntunar þeirra (*tafla 16.5*). Ekki er greinileg fylgni við kyn (*tafla 16.6*) eða búsetu (*tafla 16.7*).

Sumar af þeim spurningum sem þessar tölfræðilegu niðurstöður vekja eru ræddar í 25. kafla þessarar bókar og í grein eftir Matthew Whelpton (2010).

16.3 Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði

16.3.1 Almenn yfirlit

Tafla 16.8 sýnir almennt yfirlit yfir mat á þeim setningum sem voru á dagskrá hér:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3036	Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	23,4	25,6	51,0	100	710
b. T3086	Þær eru svo auðveldar að lesa.	38,1	28,1	33,8	100	712
c. T3058	Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	62,7	20,9	16,4	100	713
d. T3110	Hann er mjög erfiður að tefla við.	47,3	28,6	24,1	100	706

Tafla 16.8: **Mat á dæmum með lyftingu út úr nafnhætti með lýsingarorði.**

Eins og lýst var í skýringum á eftir dæmunum í (16.14) hér framar eru lýsingarorðin *auðveldur* og *erfiður* bæði af því merkingarviði sem helst kemur við sögu í samsvarandi setningagerð í ensku. Munurinn á setningapari *a* og *b* annars vegar og síðan *c* og *d* hins vegar felst því fyrst og fremst í því að setningarnar í fyrra parinu enda á áhrifssögn en setningarnar í því síðara á forsetningu. „Eyðan“ eru sem sé á eftir áhrifssögn í fyrra parinu en á eftir forsetningu í því síðara. Eins og sjá má af *töflu 16.8* fá dæmin með forsetningarliðunum (*c* og *d*) almennt betri dóma en þau sem eru með einfaldri áhrifssögn. Það er reyndar í samræmi við það sem stundum hefur verið haldið fram (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:424). Annars er hér greinilega talsverður breytileiki og allmörgum þátttakendum þykja þessar setningar vafasamar (velja svarkostinn?).

16.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

16.3.2.1 Aldur

Í *töflu 16.9* er sýnt hvort sá breytileiki sem hér er á ferðum er tengdur aldri:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3036	Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	27,9	25,6	17,3	21,8	.090	.017
b. T3086	Þær eru svo auðveldar að lesa.	46,0	41,9	29,2	33,3	.096	.011
c. T3058	Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	51,7	64,2	70,8	66,1	-.133	.000
d. T3110	Hann er mjög erfiður að tefla við.	35,5	50,8	53,0	52,2	-.110	.003

Tafla 16.9: **Jákvætt mat á dæmum með lyftingu út úr nafnhætti með lýsingarorði, flokkað eftir aldurshópum.**

Þótt fylgni við aldur sé hvergi mikil hér er hún þó marktæk við $p \leq 0,01$ markið fyrir síðari dæmin tvö (þau með forsetningunum). Hins vegar er athyglisvert að það eru eldri kynslóðirnar sem kunna betur að meta síðari dæmin (þess vegna er fylgnistuðullinn neikvæður) en þær yngri dæmin af fyrri gerðinni (fylgnistuðull jákvæður). Þetta eru að visu bara fá dæmi, en ef þetta gildir almennt um setningar af þessu tagi bendir það til

Þess að hjá yngra fólki skipti það ekki meginmáli hvort sögnin í nafnháttarsambandinu tekur með sér forsetningu eða er venjuleg áhrifssögn en hjá því eldra hefur það veruleg áhrif.

Þar sem tiltölulega hátt hlutfall þátttakenda telur öll þessi dæmi vafasöm (merkir við svarkostinn ?, sbr. *töflu 16.8*) er áhugavert að skoða hvort það mat tengist aldurshópum. Það er sýnt í *töflu 16.10*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. T3036	Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	26,9	27,3	23,2	24,8
b. T3086	Þær eru svo auðveldar að lesa.	23,0	25,7	33,9	30,9
c. T3058	Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	23,4	22,9	14,9	21,8
d. T3110	Hann er mjög erfiður að tefla við.	34,5	28,8	26,8	23,0

Tafla 16.10: Hlutfall þeirra sem telja dæmi með lyftingu út úr nafnhætti með lýsingarorði vafasöm, flokkað eftir aldurshópum.

Munurinn á aldurshópunum er ekki mjög skýr eða afgerandi hér. Þó má sjá að þegar tvö síðustu dæmin eiga í hlut (forsetningadæmin) eru það helst þeir yngstu og síður þeir eldri sem telja þau vafasöm en þessu er ekki þannig farið með fyrri dæmin. Það er ekki alveg augljóst hvernig ber að túlka þetta.

16.3.2.2 Menntun

Hér má líka skoða hvort einhver fylgni er við menntun. Eins og áður er eðlilegt að sleppa yngsta aldurshópnum í þeirri athugun til þess að minnka áhrif aldurs á niðurstöðurnar þar sem yngsti hópurinn hefur ekki haft tækifæri til neinnar menntunar eftir grunnskóla. Flokkun jákvæðra svara eftir menntun er sýnd í *töflu 16.11*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T3036	Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	21,9	21,5	19,5	396	-.018	.727
b. T3086	Þær eru svo auðveldar að lesa.	26,7	36,1	33,8	398	-.057	.260
c. T3058	Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	69,5	64,8	66,7	399	.013	.801
d. T3110	Hann er mjög erfiður að tefla við.	60,0	50,0	42,9	394	.088	.081

Tafla 16.11: Jákvætt mat á dæmum með lyftingu út úr nafnhætti með lýsingarorði, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Hér er fylgnin alls staðar mjög lítil og hvergi marktæk. Það er helst í síðustu setningunni sem tölurnar gætu bent til fylgni dómanna við menntun þar sem hlutfall þeirra sem telja setninguna eðlilega er greinilega hæst í þeim hóp sem hefur minnsta menntun og lægst hjá þeim sem mesta menntun hafa. Ástæðan fyrir því að fylgnin mælist ekki meiri en raun ber vitni og telst ekki tölfræðilega marktæk er sú að forritið tekur tillit til allra gerða af svörum (*já, ?, nei*) og skoðar ekki bara fylgni jákvæðra svara við menntun. Ef allar svargerðir eru skoðaðar sést að nánast sama hlutfall úr öllum menntunarhópum telur síðustu setninguna ótæka en hlutfall þeirra sem telur hana vafasama er því hærra sem menntunin er meiri, hvernig sem ber að túlka það.

16.3.2.3 Kyn

Tafla 16.12 sýnir hlutfall jákvæðra dóma um þær setningar sem hér eru til umræðu, flokkað eftir kyni þátttakenda:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T3036	Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	24,1	22,7	710	.043	.257
b. T3086	Þær eru svo auðveldar að lesa.	40,5	35,8	712	.056	.136
c. T3058	Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	64,8	60,9	713	.043	.249
d. T3110	Hann er mjög erfiður að tefla við.	50,9	44,0	706	.077	.040

Tafla 16.12: *Jákvætt mat á dæmum með lyftingu út úr nafnhætti með lýsingarorði, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Þótt fylgnin sé hér alls staðar mjög lítil er hún samt alltaf í sömu átt, þ.e. karlarnir eru heldur jákvæðari en konurnar í dómum sínum um þessar setningar. Fylgnin er þó hvergi tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið.

16.3.3 Tengsl við búsetu

Að síðustu má svo skoða hvort mat á þessum dæmum fer að einhverju leyti eftir landshlutum. Þetta er sýnt í töflu 16.13:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3036	Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	22,7	34,6	27,4	20,9	23,1	27,8	16,7	21,3
b. T3086	Þær eru svo auðveldar að lesa.	49,5	46,2	36,8	35,5	36,3	20,4	44,7	35,5
c. T3058	Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	62,6	80,8	57,6	68,2	57,2	55,6	70,5	66,1
d. T3110	Hann er mjög erfiður að tefla við.	37,4	57,7	53,6	52,3	48,4	40,4	46,2	41,9

Tafla 16.13: *Jákvætt mat á dæmum með lyftingu út úr nafnhætti með lýsingarorði, flokkað eftir landshlutum.*

Eins og oftast áður er erfitt að sjá skýra mynd út úr þessu og skv. kí-kvaðratprófinu er landshlutamunurinn ekki marktækur í heild. Af einstökum landshlutum virðist Reykjanesið einna jákvæðast. Hér eru þó talsverðar sveiflur milli dæma. T.d. fær fyrsta setningin mjög neikvæða dóma á Vestfjörðum. Kannski tengist þetta eitthvað landshlutabundinni orðanotkun, en það hefur ekki verið kannað.

16.3.4 Samantekt

Meginniðurstöður þessa kafla má þá draga saman eins og hér er sýnt:

- Tiltölulega margir málnotendur eru í vafa um gæði þessara setninga (merkja við svarkostinn ?, sbr. töflu 16.8).
- Dæmin með forsetningu í nafnhættinum fá almennt heldur betri dóma en þau sem innihalda einfalda áhrifssögn. Þetta á þó síður við um yngsta hópinn en hina (tafla 16.9).

- Ekki virðast skýr tengsl á milli dóma þátttakenda og menntunar þeirra (*tafla 16.11*) eða kyns (*tafla 16.12*). Ekki blasa heldur við skýrar landshlutabundnar línur þótt Reyknesingar séu tiltölulega jákvæðir gagnvart þessum dæmum (*tafla 16.13*).

16.4 Ósögð aukafallsfrumlög

16.4.1 Almenn t yfirlit

Tafla 16.14 sýnir hvernig þátttakendur í Könnun 2 mátu þau dæmi sem hér voru á dagskrá:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2039	Þeir voru hræddir um að verða öllum kastað út.	35,1	20,6	44,3	100	752
b. T2009	Nú getur Ósk hlakkað til að líða betur á morgun.	47,2	27,9	24,9	100	746
c. T2029	Öll dýr eiga rétt á því að líða vel.	72,4	15,5	12,1	100	753
d. T2019	Hún þorir ekki að finnast gaman að læra.	19,7	21,3	59,0	100	747

Tafla 16.14: Mat á dæmum með ósögðu aukafallsfrumlagi með nafnhætti.

Eins og vænta mátti er hér talsverður breytileiki í svörum, en *c*-dæmið fær áberandi besta dóma og *d*-dæmið versta. Í næsta undirkafla verður skoðað hvort þessi munur er tengdur einhverjum félagslegum breytum.

16.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

16.4.2.1 Aldur

Eins og venjulega byrjum við á því að skoða fylgni við aldur. Niðurstöður úr þeirri athugun eru sýndar í *töflu 16.15*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2039	Þeir voru hræddir um að verða öllum kastað út.	41,8	37,4	32,3	27,2	.112	.002
b. T2009	Nú getur Ósk hlakkað til að líða betur á morgun.	39,9	55,0	50,5	42,0	-.010	.787
c. T2029	Öll dýr eiga rétt á því að líða vel.	80,6	78,8	67,7	59,7	.189	.000
d. T2019	Hún þorir ekki að finnast gaman að læra.	30,3	19,3	16,8	10,7	.162	.000

Tafla 16.15: Jákvætt mat á dæmum með ósögðu aukafallsfrumlagi með nafnhætti, flokkað eftir aldurshópum.

Hér sést að yngsti hópurinn er yfirleitt jákvæðastur gagnvart þessum setningum og þótt fylgnin sé hvergi mjög sterk er hún vel marktæk við $p \leq 0,01$ markið í þrem tilvikum af fjórum. Það liggur ekki í augum uppi hvernig á að túlka þetta. Hin almenna skoðun er sú að allir málnotendur noti þágufall í dæmum eins og *Þeim var kastað út*, *Þeim líður vel* og *Henni finnst gaman að læra* og þetta þágufall hafi frumlagseinkenni í máli allra. Meiri jákvæðin yngri hópanna í mati á dæmum *a*, *c* og *d* hér getur því varla tengst því að þeir eldri séu ólíklegri til að skynja viðkomandi þágufallsliði frumlag. *b*-dæmið sker

síðan talsvert úr því þar er engin fylgni milli dóma og aldurs, en sú setning var reyndar oftast talin **vafasöm** (svarkostur ? valinn) en hinar (sjá töflu 16.14). Í töflu 16.16 sést hvernig það mat skiptist á milli aldurshópa:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. T2039	Þeir voru hræddir um að verða öllum kastað út.	18,9	22,2	20,0	21,5
b. T2009	Nú getur Ósk hlakkað til að líða betur á morgun.	29,5	27,2	26,8	28,0
c. T2029	Öll dýr eiga rétt á því að líða vel.	12,8	13,3	19,0	17,6
d. T2019	Hún þorir ekki að finnast gaman að læra.	21,5	21,8	19,9	22,0

Tafla 16.16: *Hlutfall þeirra sem telja dæmi með ósögðu aukafallsfrumlagi með nafnhætti vafasöm, flokkað eftir aldurshópum.*

Eins og hér sést er enginn tiltekinn aldurshópur almennt líklegri en annar til að dæma þessar setninga vafasamar. Munurinn á aldurshópunum er yfirleitt mjög lítill.

16.4.2.2 Menntun

Eins og áður er einfaldast að útiloka yngsta aldurshópinn þegar fylgni dóma við menntun er skoðuð. Að öðrum kosti er hætt við því að áhrif aldurs blandist saman við áhrif menntunar þar sem yngsti aldurshópurinn hefur ekki haft tækifæri til að menntunar eftir grunnskóla. Hlutfall jákvæðra dóma í hverjum menntunarflokki fyrir sig er sýnt í töflu 16.17:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2039	Þeir voru hræddir um að verða öllum kastað út.	33,6	32,9	33,0	471	.007	.880
b. T2009	Nú getur Ósk hlakkað til að líða betur á morgun.	47,7	49,8	58,2	468	-.082	.077
c. T2029	Öll dýr eiga rétt á því að líða vel.	64,9	72,4	72,2	471	-.061	.187
d. T2019	Hún þorir ekki að finnast gaman að læra.	13,7	16,7	19,8	468	-.028	.543

Tafla 16.17: *Jákvætt mat á dæmum með ósögðu aukafallsfrumlagi með nafnhætti, flokkað eftir menntun í þrem efstu aldurshópunum.*

Ekki er að sjá að menntun hafi nein teljandi áhrif á dóma um þessar setningar. Fylgnin við menntun er yfirleitt mjög lítill og hvergi tölfræðilega marktæk.

16.4.2.3 Kyn

Í töflu 16.18 er sýnt hvort kynin dæma þessar setningar ólíkt að einhverju marki:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2039	Þeir voru hræddir um að verða öllum kastað út.	37,8	32,6	752	.056	.125
b. T2009	Nú getur Ósk hlakkað til að líða betur á morgun.	48,2	46,2	746	.011	.761
c. T2029	Öll dýr eiga rétt á því að líða vel.	69,4	75,2	753	-.074	.043
d. T2019	Hún þorir ekki að finnast gaman að læra.	19,1	20,3	747	-.044	.229

Tafla 16.18: *Jákvætt mat á dæmum með ósögðu aukafallsfrumlagi með nafnhætti, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Ekki er nú hægt að segja að hér komi fram skýrar kynjalínur. Munurinn á dómum kynjanna er alls staðar lítill og fylgnin mjög veik og nær því hvergi að vera marktæk við $p \leq 0,01$ markið.

16.4.3 Tengsl við búsetu

Lítum loks á hlutfall jákvæðra dóma á einstökum landsvæðum:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2039	Þeir voru hræddir um að verða öllum kastað út.	37,0	44,6	33,1	36,4	34,1	39,0	33,3	27,2
b. T2009	Nú getur Ósk hlakkað til að líða betur á morgun.	48,8	51,4	44,4	41,0	54,5	50,0	45,6	40,2
c. T2029	Öll dýr eiga rétt á því að líða vel.	84,0	82,2	70,3	62,8	64,4	80,5	69,6	72,0
d. T2019	Hún þorir ekki að finnast gaman að læra.	27,2	27,4	19,0	14,1	15,2	26,3	17,5	15,1

Tafla 16.19: *Jákvætt mat á dæmum með ósögðu aukafallsfrumlagi með nafnhætti, flokkað eftir landshlutum.*

Eins og oftast áður er erfitt að sjá skýrar landshlutanir þótt í nokkrum tilvikum sé dálitill munur. Hann er þó hvergi tölfraðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið skv. kí-kvaðratprófinu.

16.4.4 Samantekt

Helstu niðurstöður þessa undirkafla eru þá á þessa leið:

- Ósagt aukafallsfrumlag með nafnhætti fær í heild frekar dræmar undirtektir. Það er þó talsvert misjafnt eftir því hvers eðlis setningarnar eru og ein setningin fær býsna góða dóma (*c*-dæmið, tafla 16.14).
- Dæmi *c* er í mestum metum hjá þeim yngstu (marktæk fylgni við aldur, tafla 16.15), en einnig hjá konum (tafla 16.18) og í Reykjavík (tafla 16.19). Í þessum hópum telja 75–80% þátttakenda að setningin sé eðlilegt mál. Ekki mælist marktæk fylgni milli dóma og menntunar (tafla 16.17).

Í heild má segja að þessir dómur staðfesti að ósögð frumlög með nafnhætti geti í einhverjum tilvikum samsvarað aukafallsfrumlögum í máli flestra, þótt ýmsar hömlur virðist vera á því og talsverður breytileiki milli einstaklinga, eins og reyndar mátti búast við.

16.5 Staða agna

16.5.1 Almenn yfirlit

Tafla 16.20 sýnir hvernig þátttakendur í Könnun 1 mátu dæmi með sagnarögn:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1071	Þeir heimtuðu að taka upp jólapakkana fyrir kvöldmat.	80,7	10,6	8,7	100	767
b. T1076	Þá tóku menn veggspjöldin niður .	79,9	12,1	8,0	100	767

Tafla 16.20: *Mat á dæmum með sagnarögn á mismunandi stað.*

Eins og vænta mátti telur mikill meirihluti þátttakenda setningarnar alveg eðlilegt mál og þar skiptir nánast engu máli hvort sagnarögnin er á undan andlaginu (*a*-dæmið) eða á eftir (*b*-dæmið). Í Könnun 3 var þátttakendum svo boðið að velja á milli þessara tveggja kosta og setningin var að öðru leyti nánast eins og *a*-dæmið í *töflu 16.20*. Niðurstaðan úr þessu vali er sýnd í *töflu 16.21*:

Númer	Setning	ögn á eftir	ögn á undan	hvort tveggja	=	N
TK3.1	Þau fengu ekki að taka pakkana upp/upp pakkana fyrir en eftir matinn.	14,5	65,8	19,7	100	711

Tafla 16.21: *Val um að hafa sagnarögn á undan eða eftir andlagi.*

Hér bregður svo við að mun fleiri velja þann kost að hafa ögnina á undan andlaginu, þ.e. *upp pakkana* eins og í *a*-dæminu í *töflu 16.20*. Vegna þess að matið á þessum tveim setningagerðum var nánast það sama í Könnun 1 (sbr. *töflu 16.20*) hefði mátt búast við að verulegur hluti þátttakenda segði að báðir kostir kæmu til greina þegar þeim var boðið að velja á milli tveggja kosta eða leggja þá að jöfnu. Þó merktu innan við 20% við þann möguleika og það er raunar í samræmi við þá niðurstöðu sem almennt kom fram þegar þessi spurnarháttur var hafður á (sjá umræðu í kafla 2.2.2 hér framar).

16.5.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

16.5.2.1 Aldur

Í *töflu 16.22* sést hvort teljandi munur var á mati aldurshópa á þessum setningum:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1071	Þeir heimtuðu að taka upp jólapakkana fyrir kvöldmat.	79,6	88,3	81,3	72,9	.066	.066
b. T1076	Þá tóku menn veggspjöldin niður .	70,0	84,3	84,3	81,8	-.106	.003

Tafla 16.22: *Jákvætt mat á dæmum með sagnarögn á undan eða eftir andlagi, flokkað eftir aldurshópum.*

Þótt fylgni sé ekki mikil hér er hún þó marktæk að því er síðari setninguna varðar. Dómar um hana benda til þess að yngsti aldurshópurinn sé ekki eins jákvæður gagnvart því og þeir eldri að hafa sagnarögnina á eftir andlaginu. Hér er þó aðeins um eitt dæmi að ræða og því er forvitnilegt að skoða hvort munur er á aldurshópunum þegar þeim er boðið að velja á milli tveggja kosta, þ.e. að hafa ögnina á undan andlaginu eða eftir. Það er sýnt í töflu 16.23:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
TK3.1	Þau fengu ekki að taka				
	a. pakkana upp fyrir en eftir matinn.	12,5	9,0	14,3	23,0
	b. upp pakkana fyrir en eftir matinn.	78,0	68,0	58,3	56,4
	c. báðir kostir	9,5	23,0	27,4	20,6

Tafla 16.23: *Hlutfall þeirra sem velja hvern kost fyrir sig, flokkað eftir aldurshópum (þ.e. velja ögn á eftir andlagi, ögn á undan andlagi eða báða kosti).*

Niðurstaðan úr töflu 16.23 passar ágætlega við það sem kom fram í töflu 16.22: Yngsti hópurinn er líklegri en hinir hóparnir til að velja að hafa sagnarögnina á undan andlaginu (*b-gerðin*). Sá elsti er aftur á móti hrifnari en aðrir af því að hafa ögnina á eftir. Samkvæmt kí-kvaðratprófinu er þessi munur á aldurshópunum tölfræðilega marktækur ($p < 0,001$; kí-kvaðratgildið er 37,56 en vendigildið miðað við 6 frelsisgráður og $p = 0,01$ er 16,81). Þetta gæti þá bent til þess að röðin ögn – andlag væri í sókn. Hins vegar er vert að hafa í huga að ýmsir þættir geta haft áhrif á það hvort betur fer á því að hafa andlagið á undan sagnarögninni eða eftir (sjá t.d. Peter Svenonius 1996, Höskuld Bráinsson 2007:139 o.áfr. og rit sem þar er vísað til).

16.5.2.2 Menntun

Í töflu 16.24 er sýnt hvort marktækur munur var á mati þátttakenda á þessum setningum eftir menntunarstigi. Eins og oftast áður er yngsta aldurshópnum sleppt hér úr þar sem hann hefur ekki haft tækifæri til að mennta sig eftir grunnskóla:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T1071	Þeir heimtuðu að taka upp jólapakkana fyrir kvöldmat.	79,9	79,9	86,8	543	-.037	.388
b. T1076	Þá tóku menn veggspjöldin niður .	84,7	82,3	84,2	541	.008	.852

Tafla 16.24: *Jákvætt mat á dæmum með sagnarögn, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Eins og taflan sýnir er hér ekki um marktæka fylgni að ræða.

16.5.2.3 Kyn

Á sama hátt má skoða hvort svörin sýna einhverja fylgni við kyn þátttakenda. Þetta er sýnt í töflu 16.25:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T1071	Þeir heimtuðu að taka upp jólapakkana fyrir kvöldmat.	81,5	79,9	767	.015	.681
b. T1076	Þá tóku menn veggspjöldin niður .	82,5	77,2	767	.066	.068

Tafla 16.25: *Jákvætt mat á dæmum með sagnarögn, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er ekki heldur neinn marktækur munur á svörum og reyndar eru kynin nokkurn veginn alveg sammála um fyrri setninguna.

16.5.3 Tengsl við búsetu

Loks skulum við skoða tengsl við búsetu eins og áður. Niðurstaða úr þeirri athugun er sýnd í töflu 16.26:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1071	Þeir heimtuðu að taka upp jólapakkana fyrir kvöldmat.	81,7	73,6	77,5	80,2	84,2	77,1	81,4	85,0
b. T1076	Þá tóku menn veggspjöldin niður .	77,3	68,5	80,0	78,3	87,2	78,3	77,6	83,2

Tafla 16.26: *Jákvætt mat á dæmum með sagnarögnum, flokkað eftir landshlutum.*

Í fyrra dæminu er munurinn tiltölulega lítill, enda reynist hann ekki tölfræðilega marktækur skv. kí-kvaðratprófinu ($p = 0,359$). Dómarnir sveiflast meira eftir landshlutum þegar þátttakendur eru látnir meta dæmið þar sem ögnin kemur á eftir andlaginu (*b*-dæmið). Þær sveiflur eru marktækar skv. kí-kvaðratprófinu ($p = 0,006$, kí-kvaðratgildið er 30,68 en vengigildið fyrir 14 frelsisgráður er 29,14 miðað við $p = 0,01$). Kannski er hér eitthvað sem má fylgjast með, sbr. að *b*-dæmið fékk heldur lakari dóma hjá þeim yngstu en það fær besta dóma á Norðausturlandi og það er ekki eina dæmið um misræmi milli dóma unglinga og þeirra sem búa á Norðausturlandi.

16.5.4 Samantekt

Meginniðurstaðan úr þessari takmörkuðu athugun á stöðu sagnaragna verður þá þessi:

- Þegar hliðstæð dæmi með sagnarögn á undan og eftir ákveðnu andlagi voru metin hvort í sínu lagi fengu þau mjög áþekka dóma og í heild jákvæða (um 80% þátttakenda töldu þau eðlilegt mál, *tafla 16.20*).
- Þegar þátttakendur áttu að velja á milli tveggja hliðstæðra dæma völdu þeir mun frekar dæmið þar sem sagnarögnin var á undan andlaginu (*tafla 16.21*).
- Yngsti aldurshópurinn var ekki eins jákvæður og hinir gagnvart því að hafa sagnarögnina á eftir andlaginu og valdi síður þann kost þegar þátttakendum bauðst að velja á milli kosta. Þarna var tölfræðilega marktækur munur á aldurshópum (*töflur 16.22 og 16.23*).
- Ekki var marktæk fylgni við menntun (*tafla 16.24*) eða kyn þátttakenda (*tafla 16.25*) og lítill munur var á dómum þátttakenda eftir landshlutum þegar dæmið með sagnarögnina á undan var metið. Meiri munur var á landshlutum í mati á dæminu með sagnarögnina á eftir og sá kostur fékk besta dóma á Norðausturlandi (*tafla 16.26*). Samkvæmt kí-kvaðratprófinu var tölfræðilega marktækur munur á landshlutum að þessu leyti, en óvíst er hvað það merkir þar sem hér var aðeins um eina dæmasetningu að ræða.

16.6 Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun

16.6.1 Almenn yfirlit

Tafla 16.27 sýnir í fyrsta lagi hvernig þátttakendur í Könnun 2 mátu þau dæmi sem hér eru á dagskrá, síðan er eitt dæmi til samanburðar úr Námsmatsstofnuarkönnun frá 2006 og loks tvö dæmi úr viðtölum:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2049	Ég man ekki lengur með hvaða félagi hann spilar með .	54,0	14,9	31,1	100	750
b. T2059	Það væri gaman að vita hverjum hann vinnur með .	49,9	20,3	29,8	100	749
c. T2069	Ég man ekki með hverjum hún leigði í fyrra.	95,7	2,3	2,0	100	752
d. T2079	Í þessum kjól hefur hún aldrei áður verið í.	28,9	23,1	48,0	100	750
e. T2099	Svona skemmtilegum tímum höfðu þeir aldrei verið í.	71,8	16,9	11,3	100	751
f. T2089	Í bláu fötunum er hann bara á jólunum.	45,7	21,4	32,8	100	752
g. N0612	Fyrir hvaða próf lærðirðu mest fyrir?	54,7	28,7	16,6	100	728
h. V3.1	Með hvaða liði halda strákarnir með?	60,0	13,3	26,7	100	15
i. V3.3	Þessum bóndabæ hafa myndir af vakið mikla athygli.	20,0	6,7	73,3	100	15

Tafla 16.27: *Mat á dæmum með forsetningarliðum: tvöföldun, strand og lokkun.*

Hér vekur kannski fyrst athygli hversu margir samþykkja tvöföldunina í *a*-dæminu (og reyndar líka *g*-dæminu). Til samanburðar má benda á að kjarnafærsludæmið með tvöföldun á forsetningunni *i* fær mun lakari dóma (*d*-dæmið). Ef litið er á hvorn dæmaflokk fyrir sig má sjá að í spurnarsetningunum (dæmi *a*, *b*, *c*) fær lokkunin langbesta dóma og næstum fullt hús (*c*-dæmið) en í kjarnafærslusetningunum (*d*, *e*, *f*) er það strandið (*e*-dæmið). Það er þá athunarefni hvort þessi munur stafar af því að ólíkar forsetningar koma þarna við sögu (*með* vs. *i*) eða hvort það er setningagerðin sem skiptir máli (spurnarsetning vs. aðalsetning með kjarnafærslu). Dæmið úr Námsmatsstofnunarkönnuninni fær nánast sömu dóma og *a*-dæmið, en í því er spurnaraðalsetning og forsetningin *fyrir* og fyrra dæmið úr viðtölunum (*h*-dæmið) fær svipaðar undirtektir. Þar er tvöföldun á forsetningunni *með* í spurnarsetningu líkt og í *a*-dæminu. Kannski bendir þetta til þess að tvöföldun forsetninga komi einkum fyrir í spurnarsetningum. Loks fær seinna viðtalsdæmið (*i*) dræmar undirtektir eins og vænta mátti, þar sem þar er verið að færa nafnlið út úr forsetningarlið sem er hluti nafnliðar (sjá umræðu í kafla 16.1.6).

Að loknu þessu almenna yfirliti getum við skoðað hvort mat á tvöföldun forsetninga, lokkun og strandi hefur einhver tengsl við aldur, menntun, kyn eða búsetu málnotenda. Þar er þó aðeins hægt að skoða dæmin úr Könnun 2 því að þátttakendur í viðtölunum voru of fáir til þess að hægt sé að gera tölfræðilegan samanburð á einstökum undirhópum og við höfum ekki félagslegar upplýsingar um þátttakendur í Námsmatsstofnunarkönnuninni, auk þess sem þeir voru allir á sama aldri.

16.6.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

16.6.2.1 Aldur

Í töflu 16.28 sést að hvort teljandi munur var á mati aldurshópa á þessum setningum í Könnun 2:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2049	Ég man ekki lengur með hvaða félagi hann spilar með .	75,5	59,4	46,7	29,3	.344	.000
b. T2059	Það væri gaman að vita hverjum hann vinnur með .	63,6	55,0	40,4	38,4	.188	.000
c. T2069	Ég man ekki með hverjum hún leigði í fyrra.	91,3	98,5	98,5	94,3	-.060	.100
d. T2079	Í þessum kjól hefur hún aldrei áður verið í .	37,2	34,5	23,6	17,9	.151	.000
e. T2099	Svona skemmtilegum tímum höfðu þeir aldrei verið í .	62,8	73,4	75,1	76,7	-.124	.001
f. T2089	Í bláu fötunum er hann bara á jólnunum.	34,9	37,1	50,3	64,4	-.241	.000

Tafla 16.28: *Jákvætt mat á dæmum með tvöföldun forsetninga, strandi og lokkun, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér er munur á dómum aldurshópanna alls staðar mjög vel marktækur frá tölfraðilegu sjónarmiði ($p < 0,001$) nema að því er varðar *c*-dæmið, enda þykir nánast öllum það vera eðlilegt mál (lokkun með spurnarorði). Ein skýrasta niðurstaðan er sú að það er mjög regluleg fylgni milli aldurs og mats á tvöföldunardæmunum (*a* og *d*): Því yngri sem þátttakendur eru, því líklegri eru þeir til að samþykkja tvöföldunardæmin. Aftur á móti er ekki gott að átta sig á því af hverju fylgnin er jákvæð þegar fyrra ströndunardæmið (*b*) á í hlut (yngri aldurshópar samþykkja dæmið frekar) en neikvæð þegar það síðara (*e*) er metið (eldri aldurshópar samþykkja dæmið frekar).

16.6.2.2 Menntun

Hér byrjum við á því eins og áður að útiloka yngsta aldurshópinn áður en fylgni dóma við menntun er skoðuð til að forðast samverkan menntunar og aldurs. Hlutfall jákvæðra dóma í hverjum menntunarflokki kemur fram í *töflu 16.29*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2049	Ég man ekki lengur með hvaða félagi hann spilar með .	55,7	48,8	30,8	470	.152	.001
b. T2059	Það væri gaman að vita hverjum hann vinnur með .	44,3	44,4	48,4	470	-.031	.605
c. T2069	Ég man ekki með hverjum hún leigði í fyrra.	96,9	98,0	97,8	471	-.024	.605
d. T2079	Í þessum kjól hefur hún aldrei áður verið í .	31,5	30,2	13,2	469	.101	.029
e. T2099	Svona skemmtilegum tímum höfðu þeir aldrei verið í .	76,2	74,2	72,5	469	.038	.415
f. T2089	Í bláu fötunum er hann bara á jólnunum.	51,9	49,4	40,7	471	.064	.169

Tafla 16.29: *Jákvætt mat á dæmum með tvöföldun forsetninga, strandi og lokkun, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er nokkur fylgni milli menntunar og dóma um tvöföldunardæmin *a* og *d*: Þeir sem mesta menntun hafa eru ólíklegastir til að meta þessi dæmi á jákvæðan hátt. Fylgnin er

marktæk við $p \leq 0,01$ markið í fyrra tilvikinu (og reyndar við $p \leq 0,05$ markið í því síðara). Dómar um aðrar setningagerðir sýna ekki marktæka fylgni við menntun.

16.6.2.3 Kyn

Í töflu 16.30 sést hvort kynin dæma þessar setningar ólíkt:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2049	Ég man ekki lengur með hvaða félagi hann spilar með .	56,8	51,3	750	.060	.103
b. T2059	Það væri gaman að vita hverjum hann vinnur með .	52,1	47,9	749	.027	.467
c. T2069	Ég man ekki með hverjum hún leigði í fyrra.	95,4	96,1	752	-.018	.617
d. T2079	Í þessum kjól hefur hún aldrei áður verið í .	29,9	28,1	750	.020	.581
e. T2099	Svona skemmtilegum tímum höfðu þeir aldrei verið í .	72,3	71,2	751	.014	.694
f. T2089	Í bláu fötunum er hann bara á jóluunum.	47,4	44,2	752	.012	.748

Tafla 16.30: *Jákvætt mat á dæmum með tvöföldun forsetninga, strandi og lokkun, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er skemmt frá því að segja að hvergi kemur fram marktæk fylgni milli dóma þátttakenda og kyns þeirra.

16.6.3 Tengsl við búsetu

Við endum svo á því að skoða hlutfall jákvæðra dóma á einstökum landsvæðum í töflu 16.31:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2049	Ég man ekki lengur með hvaða félagi hann spilar með .	51,9	63,0	59,5	42,3	43,3	56,1	62,5	58,1
b. T2059	Það væri gaman að vita hverjum hann vinnur með .	49,4	50,7	49,7	50,6	43,7	51,3	54,4	54,8
c. T2069	Ég man ekki með hverjum hún leigði í fyrra.	93,8	91,9	98,7	98,7	94,0	92,7	96,5	97,8
d. T2079	Í þessum kjól hefur hún aldrei áður verið í .	33,8	31,5	31,2	25,6	23,1	28,0	28,6	31,2
e. T2099	Svona skemmtilegum tímum höfðu þeir aldrei verið í .	69,1	58,9	74,2	79,5	66,7	78,0	73,7	74,4
f. T2089	Í bláu fötunum er hann bara á jóluunum.	35,0	35,6	51,6	51,3	49,3	40,2	49,1	46,2

Tafla 16.31: *Jákvætt mat á dæmum með tvöföldun forsetninga, strandi og lokkun, flokkað eftir landshlutum.*

Ekki verður sagt að hér komi fram skýr eða reglubundin mynd. Þó er talsverður munur á því milli landshluta hversu góða dóma fyrra tvöföldunardæmið fær (*a*-dæmið) og sá

munur er tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið samkvæmt kí-kvaðratprófinu. Kí-kvaðratgildið er 32,53 en vengigildið miðað við $p = 0,01$ er 29,14 ef frelsisgráður eru 14 eins og hér. Eins og sjá má fær það dræmastar undirtektir á Austurlandi og Norðausturlandi. Sama á við um síðara tvöföldunardæmið þótt landshlutabundinn munur þar sé ekki tölfræðilega marktækur.

16.6.4 Samantekt

Helstu niðurstöður þessa undirkafla má þá draga saman eins og hér er sýnt:

- Ríflega helmingur þátttakenda samþykkir tvöföldun forsetninga í þeim spurnarsetningum sem hafa verið prófaðar (tafla 16.27).
- Því yngri sem þátttakendur eru, því líklegri eru þeir til að samþykkja tvöföldunardæmi. Þessi fylgni við aldur er mjög vel marktæk (tafla 16.28).
- Þeir sem mesta menntun hafa eru ólíklegastir til að samþykkja tvöföldunardæmi og fylgni dómanna við menntun er tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið í einu tilviki (tafla 16.29).
- Ekki mældist tölfræðilega marktæk fylgni við kyn (tafla 16.30) og munur milli landshluta er nokkuð óreglulegur. Þó er hann marktækur þegar fyrra tvöföldunardæmið í Könnun 2 á í hlut. Þeir sem búa á Austurlandi og Norðausturlandi eru ekki ginnkeyptir fyrir því dæmi og ekki heldur hinu tvöföldunardæminu sem prófað var, þótt munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur í því tilviki (tafla 16.31).

16.7 Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum

16.7.1 Almenn tölfræðing

Þótt þau atriði sem hér er um að ræða séu býsna ólík og að hluta til óskyld eru þau tekin hér saman í einum undirkafla til einföldunar. Í töflu 16.32 er fyrst sýnt hvernig þátttakendur í Könnun 3 mátu dæmi með *sitthvor* og *sinnhvor*:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3013	Þau keyptu sitthvora þyrluna í sumar.	84,6	9,1	6,3	100	712
b. T3029	Hann setti eplin og appelsínurnar í sinnhvorn pokann.	59,5	19,1	21,4	100	711

Tafla 16.32: **Mat á dæmum með sitthvor og sinnhvor.**

Eins og sjá má er greinilegur munur á þessum tveim dæmum: næstum 85% þátttakenda telja dæmið með *sitt-* (*a*-dæmið) eðlilegt mál og aðeins rúm 6% hafna því. Samsvarandi hlutfallstölur eru tæp 60% og rúmlega 21% fyrir dæmið með *sinn-* en það dæmi finnst rúmum 19% vafasamt.

Eins og rætt var í kafla 16.1.6 hér framar eru ýmsar fleiri gerðir þekktar af þessu orði eða orðasambandi og í töflu 16.33 er sýnt hvernig þátttakendur í Könnun 3 völdu á milli þeirra kosta sem voru í boði (velja mátti einn, tvo eða fleiri, líka blanda kostum saman):

Númer	Setning og valkostur :	Valhlutfall	N
ÞK 3.3	Þau koma alltaf		
	a. á sitthvorum bílnum	58,6%	417
	b. á sínhvorum bílnum	3,1%	22
	c. hvort á sínum bílnum	9,4%	67
	d. sitt á hvorum bílnum	7,0%	50
	a. og c. á sitthvorum / hvort á sínum	10,8%	77
	a. og d. á sitthvorum / sitt á hvorum	5,2%	37
	a., c. og d á sitthvorum / hvort á sínum / sitt á hvorum	2,4%	17
	c. og d. hvort á sínum / sitt á hvorum	1,3%	9
	aðrar blöndur:	2,2%	16
		100	712

Tafla 16.33: Val milli ólíkra gerða og sambanda af sinn og hvor.

Hér er myndin *sitthvor* greinilega vinsælust þótt gerðir *c* og *d* (*hvort á sínum, sitt á hvorum*) séu hinar hefðbundnu myndir, eins og áður var nefnt. Athugið sérstaklega hversu fáir telja koma til greina að velja hvorn þessara kosta sem er (aðeins 1,3%).

Í öðru lagi voru þátttakendur í Kömmun 3 látnir velja á milli töluorðsins *tvær* og partöluorðsins *tvennar* í setningum með orðum sem tákna fatnað. Niðurstaðan er sýnd í töflu 16.34:

Númer	Setning	tvær	tvennar	hvort tveggja	=	N
a. TK3.5	Hann keypti sér meðal annars tvær/tvennar buxur.	7,7	86,2	6,1	100	709
b. TK3.8	Hún keypti tvær/tvennar peysur.	59,0	31,9	9,1	100	712

Tafla 16.34: Val á milli tvær og tvennar.

Hér sést glögg að langflestum finnst eðlilegast að segja *tvennar buxur* og fáir samþykkja að talað sé um *tvær buxur*. Aftur á móti telur um þriðjungur eðlilegt að tala um *tvennar peysur* þótt þeir séu næstum tvöfalt fleiri sem velja fremur hið hefðbundna *tvær peysur*.

Loks er sýnt í töflu 16.35 hvaða dóma ein setning með neikvæðisorðinu *neim* fékk í viðtölum, en með henni var verið að kanna hvort orðið *fáir* dygði til þess að skapa umhverfi fyrir notkun þess (í stað *eitthvað* til dæmis, sbr. umræðu í tengslum við (16.28) í lok kafla 16.1.6 hér framar):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
V3.6	Fáir fundarmanna vissu neitt um þetta mál.	46,7	20,0	33,3	100	15

Tafla 16.35: Mat á viðtalsdæmi með neitt á eftir fáir.

Hér sést að tæpur helmingur viðmælenda í þessum viðtölum telur eðlilegt mál að nota neikvæðisorðið *neitt* á eftir *fáir*, þriðjungur telur það óeðlilegt og afganginum þykir það vafasamt. Það kemur kannski ekki á óvart.

Að loknu þessu yfirliti snúum við okkur að því að skoða hvort einhver munur er á mati eða vali félagslegra hópa þegar þau dæmi eiga í hlut sem hér eru til athugunar. Þá sleppum við síðustu gerðinni (neikvæðisorðinu *neitt*) af því að hún kom aðeins við

sögu í viðtölunum og þar voru þátttakendur of fáir til að standa undir tölfræðilegum samanburði.

16.7.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

16.7.2.1 Aldur

Vegna þess að orðmyndirnar *sitthvor* og *sinnhvor* virðast vera nýjungar mátti búast við því að einhver munur væri á dómum aldurshópa um setningar með þeim (sjá umræðu í 16.1.6 hér framar). *Tafla 16.36* gefur yfirlit yfir niðurstöður um það í Könnun 3:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3013	Þau keyptu sitthvora þyrluna í sumar.	86,6	88,8	88,7	73,3	.120	.001
b. T3029	Hann setti eplin og appelsínurnar í sinnhvorn pokann.	45,8	51,4	67,9	76,4	-.257	.000

Tafla 16.36: Jákvaett mat á dæmum með sitthvor og sinnhvor, flokkað eftir aldurshópum.

Hér fær *a*-dæmið í heild betri dóma en *b*-dæmið, eins og vænta mátti samkvæmt þeim niðurstöðum sem komu fram í *töflu 16.32*. Það er helst elsti aldurshópurinn sem sker sig úr varðandi *a*-dæmið og þess vegna verður fylgnin jákvæð og hún er mjög vel marktæk þótt hún sé veik. Hins vegar kemur kannski á óvart að það er mun sterkari og reglulegri fylgni við aldur í dómum um *b*-dæmið: Því eldri sem þátttakendur eru, því líklegri eru þeir til að telja það eðlilegt mál. Þetta gæti bent til þess að myndin með hinu óbeygjanlega *sitt-* sem fyrri lið væri í sókn á kostnað annarra afbrigða. *Tafla 16.37* styður þá skoðun, en þar er sýnt hvernig aldurshóparnir völdu á milli kosta sem voru í boði (hér eru bara talin með þau tilvik þar sem þátttakendur völdu einn kost fram yfir aðra, sbr. *töflu 16.33*):

Númer	Setning og valkostur	9. b	20–25	40–45	65–70	N
ÞK 3.3	Þau koma alltaf					
	a. á sitthvorum bílnum	77,1	66,3	53,0	33,3	417
	b. á sínhvorum bílnum	3,5	0,6	1,8	6,7	22
	c. hvort á sínum bílnum	2,5	6,2	7,7	23,0	67
	d. sitt á hvorum bílnum	6,0	2,8	7,1	12,7	50

Tafla 16.37: Val milli ólíkra gerða og sambanda af sinn og hvor, flokkað eftir aldri.

Hér sést greinilega að því yngri sem þátttakendur eru, því líklegri eru þeir til að velja *sitthvor* (*a*-gerðin) umfram aðra kosti og hefðbundnu gerðirnar (*c* og *d*) eru helst valdar af elstu þátttakendunum, eins og vænta mátti.

Í *töflu 16.38* er svo sýnt að hvaða marki aldurshópar völdu ólíka kosti með *tvær* og *tvennar* þegar buxur og peysur voru til umræðu:

Númer	Setning og valkostur :	9. b	20–25	40–45	65–70	N
a. TK3.5	Hann keypti sér meðal annars					
	tvær buxur	24,1	3,4	0,0	0,6	55
	tvennar buxur	68,3	86,0	95,2	98,8	611
	báðir kostir	7,5	10,7	4,8	0,6	43
b. TK3.8	Hún keypti					
	tvær peysur	66,2	65,2	42,9	60,0	420
	tvennar peysur	26,9	23,6	43,5	35,2	227
	báðir kostir	7,0	11,2	13,7	4,8	65

Tafla 16.38: Val milli tvær og tvennar í ólíkum setningum, flokkað eftir aldri.

Í buxnaðæminu (*a*-dæmið) eru línurnar býsna skýrar: Það eru nánast bara þátttakendur úr yngsta aldurshópnum sem velja *tvær buxur* en meira en tveir þriðju úr þeim hópi velja samt hið hefðbundna *tvennar buxur*. Elsti aldurshópurinn er svo með hefðbundnu málnotkunina alveg á hreinu hér og munurinn á milli aldurshópanna er tölfræðilega marktækur ($p < 0,001$; kí-kvaðratgildið er 124,37 en vendigildið er 16,81 miðað við $p = 0,01$ ef frelsisgráður eru 6 eins og hér). Niðurstöðurnar verða dálítið ruglingslegri þegar peysan kemur til sögunnar (*b*-dæmið). Þar velja að visu langflestir hið hefðbundna *tvær peysur* og hlutfallið er m.a.s. hæst í yngsta hópnum. En býsna margir velja líka *tvennar peysur* og þar er yngsti hópurinn ekki í fararbroddi. Niðurstaðan verður sú að í heild er ekki tölfræðilega marktækur munur á hópnum í þessu vali og eitthvert hvarfl í þessu er þá greinilega ekki nýtilkomið.

16.7.2.2 Menntun

Í töflu 16.39 er sýnt hvort mat á dæmum með *sitthvor* og *sinnhvor* er mismunandi eftir menntunarstigi þátttakenda. Eins og áður er yngsta aldurshópnum sleppt:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T3013	Þau keyptu <i>sitthvora</i> þyrluna í sumar.	81,7	87,4	79,5	397	.008	.871
b. T3029	Hann setti eplin og appelsínurnar í <i>sinnhvorn</i> pokann.	65,7	62,6	56,4	397	.066	.190

Tafla 16.39: *Jákvætt mat á dæmum með sitthvor og sinnhvor, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er greinilega ekki um neina marktæka fylgni að ræða. Tafla 16.40 sýnir samsvarandi tölur fyrir val á milli *tvær* og *tvennar*, flokkað eftir menntun:

Númer	Setning og valkostur	grsk	frhsk	hásk	N
a. TK3.5	Hann keypti sér meðal annars				(398)
	tvær buxur	0,0	2,3	1,3	6
	tvennar buxur	94,3	91,2	94,9	369
	báðir kostir	5,7	6,5	3,8	23
b. TK3.8	Hún keypti				(398)
	tvær peysur	52,4	60,5	71,8	241
	tvennar peysur	35,2	30,2	20,5	118
	báðir kostir	12,4	9,3	7,7	39

Tafla 16.40: Val milli tvær og tvennar í ólíkum setningum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Í buxnaðæminu (*a*-dæminu) er enginn marktækur munur á milli menntunarhópa, enda velja næstum allir fullorðnir *tvennar buxur* fremur en *tvær buxur* (sbr. líka töflu 16.38). En í peysuæminu (*b*-dæminu) er marktækur munur á þann veg að þeir sem mesta menntun hafa eru líklegastir til að velja *tvær peysur* fram yfir *tvennar peysur* og þeir sem minnsta menntun hafa eru líklegri en hinir til að velja *tvennar peysur* eða telja að báðir kostir komi til greina. Munurinn á menntunarhópunum nær því að vera tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,05$ markið.

16.7.2.3 Kyn

Í töflu 16.41 er mat á dæmum með *sitthvor* og *sinnhvor* flokkað eftir kyni:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T3013	Þau keyptu sitthvora þyrluna í sumar.	86,5	82,6	.048	.197
b. T3029	Hann setti eplin og appelsínurnar í sinnhvorn pokann.	64,2	55,1	.093	.013

Tafla 16.41: *Jákvætt mat á dæmum með sitthvor og sinnhvor, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Ekki er marktækur munur á mati kynjanna á *a*-dæminu en *b*-dæmið (með *sinnhvor*) fær talsvert betri dóma hjá körlum en konum, hvernig sem á því stendur, og munurinn nálgast það að vera tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið.

Tafla 16.42 sýnir svo hvort val á milli *tvær* og *tvennar* í ólíkum setningum er mismunandi eftir því hvort karlar eða konur eiga í hlut:

Númer	Setning og valkostur	kk	kvk
a. TK3.5	Hann keypti sér meðal annars		
	tvær buxur	9,2	6,4
	tvennar buxur	84,4	87,8
	báðir kostir	6,3	5,8
b. TK3.8	Hún keypti		
	tvær peysur	56,3	61,4
	tvennar peysur	33,0	30,9
	báðir kostir	10,6	7,7

Tafla 16.42: *Val milli tvær og tvennar í ólíkum setningum, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Þótt konurnar velji heldur oftar hefðbundnu kostina er sá munur ekki tölfræðilega marktækur.

16.7.3 Tengsl við búsetu

Loks má skoða hvort hægt er að finna einhvern skýran landshlutabundinn mun á því hvernig þátttakendur dæma þær setningar sem hér eru á dagskrá eða velja á milli kosta. Litum fyrst á dóma um setningar með *sitthvor* og *sinnhvor*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3013	Þau keyptu sitthvora þyrluna í sumar.	86,6	84,6	87,2	90,8	78,3	85,2	79,5	87,1
b. T3029	Hann setti eplin og appelsínurnar í sinnhvorn pokann.	53,6	53,8	58,4	66,1	58,4	67,9	53,8	64,5

Tafla 16.43: *Jákvætt mat á dæmum með sitthvör og sinnhvör, flokkað eftir landshlutum.*

Eins og hér má sjá er nokkur munur á einstökum landshlutum en samkvæmt kí-kvaðratprófinu er hann ekki tölfræðilega marktækur þegar á heildina er litið.

Loks er svo sýnt í *töflu 16.44* hvort munur var á vali þátttakenda á milli *tvær* og *tvennar* eftir því í hvaða landshluta þeir bjuggu:

Númer	Valkostur	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. TK3.5	Hann keypti sér meðal annars								
	tvær buxur	9,3	11,5	8,0	7,3	8,8	1,9	5,1	9,8
	tvennar buxur	84,5	84,6	80,8	89,9	86,8	87,0	91,0	85,2
	báðir kostir	6,2	3,8	11,2	2,8	4,4	11,1	3,8	4,9
b. TK3.8	Hún keypti								
	tvær peysur	74,5	42,3	63,2	55,0	51,3	64,8	53,8	61,3
	tvennar peysur	18,4	46,2	26,4	36,7	39,4	20,4	37,2	33,9
	báðir kostir	7,1	11,5	10,4	8,3	9,4	14,8	9,0	4,8

Tafla 16.44: *Val á milli tvær og tvennar í ólíkum setningum, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er nokkur munur á því hvað íbúar einstakra landshluta velja. Samkvæmt kí-kvaðratprófinu er hann þó ekki marktækur í heildina þegar buxnaðemið á í hlut (*a*-dæmið), þótt greinilega sé t.d. marktækur munur á því hversu margir velja *tvær buxur* á Reykjanesi annars vegar og Norðvesturlandi hins vegar til dæmis. Munurinn er almennt skýrari og þegar peysudæmið (*b*-dæmið) er skoðað og hann nær því að vera tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,05$ markið ($p = 0,018$; kí-kvaðratgildið er 27,17 en vendigildið er 23,68 miðað við $p = 0,05$ og 14 frelsisgráður). Taflan sýnir t.d. að aðeins rúm 18% þátttakenda í Reykjavík velja kostinn *tvennar peysur* en rúm 46% gera það á Reykjanesi og næstum 40% á Norðausturlandi, en annars er frekar sjaldgæft í þessum könnunum að Reykjanes og Norðausturland fylgist að.

16.7.4 Samantekt

Í heildina eru ekki mjög skýrar línur í þeim atriðum sem hér hafa verið til skoðunar. Þó má nefna eftirfarandi:

- Tæplega helmingur þátttakenda í viðtölum taldi eðlilegt að nota neikvæðisorðið *neitt* á eftir *fáir* (tafla 16.35).
- Um 85% þátttakenda í Könnun 3 telja orðmyndina *sitthvör* eðlilegt mál og hátt í 60% velja hana umfram aðra kosti þegar það er í boði (töflur 16.32 og 16.33). Þeir elstu eru þó ólíklegastir til að telja hana eðlilegt mál (samt 73%) og því yngri sem þátttakendur eru, því líklegri eru þeir til að velja *sitthvör* umfram aðra kosti (töflur 16.36 og 16.37).

- Orðmyndin *sinnhvör* fær mun neikvæðari dóma (*tafla 16.32*) — það eru helst þátttakendur úr hópi þeirra elstu sem telja hana eðlilegt mál (*tafla 16.36*).
- Hinar hefðbundnu myndir með *sinn hvör* og *hvör sinn* eiga mjög undir högg að sækja (*tafla 16.33*). Það eru helst þátttakendur í elsta aldurshópnum sem velja þær umfram aðra kosti (*tafla 16.37*).
- Næstum allir (yfir 86%) velja fremur partöluorðið *tvennar* en töluorðið *tvær* með fleirtöluorðinu *buxur* (*tafla 16.34*) og það eru nánast eingöngu þátttakendur úr yngsta aldurshópnum sem velja *tvær buxur* (um 24% úr þeim aldurshóp, *tafla 16.38*). Á hinn bóginn velja hátt í 60% fremur töluorðið *tvær* en *tvennar* með *peysur* og það er í samræmi við hefðina (*tölflur 16.34* og *16.38*). Um 30% velja samt *tvennar* umfram *tvær* með *peysur* og þar er ekki marktæk fylgni við aldur (*tölflur 16.34* og *16.38*). Aftur á móti er þar sýnileg fylgni við menntun í eldri aldurshópnum þrem: Því minni menntun, því meiri líkindi til að *tvennar* sé valið með *peysur* (*tafla 16.40*). Það er líka talsverður munur á landshlutum að þessu leyti: *tvennar peysur* er síst valið í Reykjavík en frekast á Reykjanesi en líka t.d. á Norðausturlandi (*tafla 16.43*).

16.8 Lokaorð

Í þessum kafla var fjallað um býsna sundurleit atriði og niðurstöðurnar voru því með ýmsu móti. Eftirtalin atriði voru einna skýrust og áhugaverðust:

- Útkomuumsagnir virðast lúta öðrum reglum eða takmörkunum í íslensku en í ensku til dæmis. Það er áhugavert rannsóknarefni (sjá kafla 16.2, 25. kafla og grein Matthews Whelpton 2010).
- Setningar sem innihalda nafnhátt með lýsingarorði og eyðu fyrir andlag sagnar eða forsetningar í nafnháttarsambandinu (sbr. *erfiður að búa með* __) fá yfirleitt dræmar viðtökur. Dómarnir eru þó heldur jákvæðari þegar forsetningarliður er í nafnháttarsambandinu (sjá kafla 16.3).
- Ósögð aukafallsfrumlög fá oft frekar dræmar undirtektir, en það er þó talsvert mismunandi eftir því hvers eðlis setningarnar eru. Yngri málnotendur virðast heldur jákvæðari gagnvart sumum þessara setninga en þeir sem eldri eru (sjá kafla 16.4).
- Yfirleitt geta þátttakendur bæði haft sagnaragnir á undan andlagi og eftir. Þegar þeir fá að velja á milli kosta velja þeir þó oftast þá gerð þar sem ögnin er á undan andlaginu. Yngri þátttakendur virtust síður samþykkja dæmi með ögn á eftir andlaginu en þeir eldri (sjá kafla 16.5).
- Dæmi með tvöföldun forsetninga fengu jákvæðari dóma en búist var við, einkum hjá þeim yngri (sjá kafla 16.6). Þetta bendir til þess að nauðsynlegt sé að taka þessa setningagerð alvarlega (sjá líka umræðu hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni 2008).
- Greinilegt er að hefðbundin notkun orðasambandanna *sinn – hvör* og *hvör – sinn* er á undanhaldi og orðið *sitthvör* í mestri sókn á kostnað þeirra þótt fleiri afbrigði komi til greina (t.d. *sinnhvör*, sbr. umræðu í kafla 16.7).
- Verulegur hluti málnotenda hefur tilfinningu fyrir notkun partöluorðsins *tvennir*, t.d. í sambandinu *tvennar buxur* (fremur en *tvær buxur*) þótt sumir noti það líka með orðum eins og *peysa* (*tvennar peysur*) — og þá ekki bara þeir yngstu (sjá kafla 16.7).

Hér er augljóslega margt sem mætti skoða nánar, en minna má á að útkomuumsagnir eru teknar til nánari athugunar í 25. kafla.

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Brynhildur Stefánsdóttir. 2011. Þungar hefir þú mér þrautir fengið. *Um þróun slitinna setningarliða í íslensku*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Delsing, Lars-Olof. 1995. Prepositionsstranding och kasus i äldre svenska. *Arkiv för nordisk filologi* 110:141–178.
- Delsing, Lars-Olof. 2003. Preposition Stranding and Case. Lars-Olof Delsing, Cecilia Falk, Gunlög Josefsson og Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.): *Grammar in Focus*. Festschrift for Christer Platzack 18 November 2003, 2, bls. 199–207. Institutionen för nordiska språk, Lunds universitet, Lund.
- Delsing, Lars-Olof. 2005.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1997. Frumlag og fall að fornu. *Íslenskt mál* 18:37–69.
- Gísli Rúnar Harðarson. 2010. *Forsetningarstrand*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. Icelandic Case-Marked PRO and the Licensing of Lexical Arguments. *Natural Language and Linguistic Theory* 9:327–363.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2004. Icelandic Non-Nominative Subjects: Facts and Implications. Peri Bhaskararao og Karumuri V. Subbarao (ritstj.): *Non-Nominative Subjects* 2, bls. 137–159. John Benjamins, Amsterdam.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Íslensk orðabók*. 2002. 3. útgáfa aukin og endurbætt. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarflokkar nafnliða og setningagerð. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 435–458. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2008. Preposition Reduplication in Icelandic. Sjef Barbiers, Olaf Koenenman, Marika Lekakou og Margreet van der Ham (ritstj.): *Microvariations in Syntactic Doubling*, bls. 403–417. Emerald Group, Bingley.
- Svenonius, Peter. 1996. The Verb-Particle Alternation in the Scandinavian Languages. Handrit, Tromsøháskóla, Tromsø. [Aðgengilegt á <http://ling.auf.net/lingbuzz/000046>.]
- Whelpton, Matthew. 2010. Building Resultatives in Icelandic. Raffaella Folli og Christiane Ulbrich (ritstj.): *Interfaces in Linguistics. New Research Perspectives*, bls. 96–115. Oxford University Press, Oxford.
- Whelpton, Matthew. 2012. Hugræn merkingafræði og útkomusetningar. *Ritið* 3/2012:145–162.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Þráinsson. 1985. Case and Grammatical Functions. The Icelandic Passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441–483. [Einnig birt hjá Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.) 1990: Modern Icelandic Syntax, bls. 95–136. Academic Press, San Diego.
- Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal. 2005. Oblique Subjects: A Common Germanic Inheritance. *Language* 81:824–881.

SUMMARY

This chapter gives an overview of a variety of constructions that are only marginally related at best. Here we will only summarize the main facts that concern constructions which have figured in the international linguistic discussion.

- Constraints on resultative predicates in Icelandic seem different from those that hold for their English counterparts (see e.g. *table 16.1*). These differences are discussed further in Chapter 25 and in a recent paper by Matthew Whelpton (2010).
- Examples roughly corresponding to the English Tough Movement constructions got mixed reviews. The ones with a gap after a preposition (cf. English *difficult to deal with* __) were more positively received than the ones with a gap in the object position of a verb (*table 16.8*).
- Sentences where a PRO corresponds to a quirky subject also got mixed reviews, although some of them were accepted by the majority of the speakers (cf. *table 16.14*). Younger speakers were somewhat more likely than older ones to accept these examples (*table 16.15*).
- Speakers typically allow verb particles either before or after the verbal object (*table 16.20*). But when the speakers were asked to select between alternatives, the majority picked the variant where the particle preceded the object (*table 16.21*). The younger speakers were less likely than the older ones to accept examples where the particle followed the object (*table 16.22*).
- Preposition doubling was more generally accepted than expected (*table 16.27*, see also Jóhannes Gísli Jónsson 2008). Younger speakers were more likely than older ones to accept preposition doubling (*table 16.28*).